

Skýrsla

**forsætisráðherra um framkvæmd þingsályktana frá 1. október 2005
(upphaf 132. löggjafarþings) fram til ársloka 2009**

Skýrsla

forsætisráðherra um framkvæmd þingsályktana frá 1. október 2005 (upphaf 132. löggjafarþings) fram til ársloka 2009

(Lögð fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012.)

Forsætisráðherra hefur á liðnum árum lagt fyrir Alþingi skýrslur um framkvæmd og meðferð á ályktunum Alþingis. Hin fyrsta þessara skýrslna var lögð fram á 112. löggjafarþingi, þá að beiðni nokkurra þingmanna, en síðari skýrslur voru teknar saman að frumkvæði forsætisráðuneytis.

Skýrsla sú, sem nú er lögð fram, nær til ályktana Alþingis frá 1. október 2005 (upphaf 132. löggjafarþings) fram til ársloka 2009. Forsætisráðuneytið óskaði eftir því að viðkomandi ráðuneyti tækju saman greinargerðir um meðferð og framkvæmd þeirra þingsályktana og málefna sem þeim hefði verið falin meðferð á og fara svör ráðuneytanna hér á eftir. Eru svörin alfarið á ábyrgð hlutaðeigandi ráðuneyta.

Skýrsla þessi er lögð fram með vísun til 45. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

FORSÆTISRÁÐUNEYTI

Ályktun Alþingis nr. 26/132 um aðgang að opinberum gögnum um öryggismál, 3. júní 2006 – þskj. 1522.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd undir formennsku stjórnarformanns Persónuverndar og með þátttöku þjóðskjalavardar, forseta Sögufélags, skrifstofustjóra Alþingis og formanns stjórnmálafræðiskorar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands til að annast skoðun gagna sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991 í vörslu opinberra aðila og ákveða frjálstan aðgang fræðimanna að þeim.

Formaður nefndarinnar skal á starfstíma hennar gera forseta Alþingis og formönnum þingflokka grein fyrir framvindu verksins. Nefndin skili Alþingi skýrslu um störf sín eigi síðar en í árslok 2006.

Forsætisráðherra skipaði nefnd hinn 22. júní 2006, í samræmi við ályktun Alþingis um aðgang að opinberum gögnum um öryggismál Íslands, og skilaði skýrslu til Alþingis þann 9. febrúar 2007.

Verkefni og umboð nefndarinnar var afmarkað við að gera tillögur um aðgang fræðimanna að gögnum sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945-1991 í vörslu opinberra aðila innan lands.

Í skýrslunni er m.a. að finna drög nefndarinnar að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands. Þar er m.a. lagt til að stofnuð verði sérstök safnadeild við Þjóðskjalasafn Íslands, öryggismálasafn, þar sem gögn um öryggismál Íslands á árunum 1945-1991 verði varðveitt. Þetta er gert til að auðvelda aðgang fræðimanna að gögnum. Réttur til aðgangs að gögnum öryggismálasafns er þrískiptur: 1. réttur fræðimanna til aðgangs að gögnum, 2) réttur hins skráða að upplýsingum um sjálfan sig og 3) réttur almennings til

aðgangs að gögnum safnsins. Frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi nr. 36, 27. mars 2007.

Ályktun Alþingis nr. 5/133 um að leggja niður Þjóðhátíðarsjóð, 9. desember 2007 – þskj. 697.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að bæta svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða við skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð, nr. 361/1977, með áorðnum breytingum:

Árlegum úthlutunum styrkja sjóðsins lýkur árið 2011. Fram að þeim tíma skal stjórn sjóðsins ráðstafa öllu fé hans til styrkveitinga í samræmi við tilgang hans.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. og 1. mgr. 7. gr. ákveður stjórn sjóðsins hve miklu fé skuli varið til styrkveitinga hverju sinni skv. 1. mgr.

Nú kemur í ljós, eftir að öllu fé sjóðsins hefur verið úthlutað, að styrks hefur ekki verið vitjað innan tveggja ára eftir að síðasta úthlutun sjóðsins fór fram eða að styrkur hefur ekki verið greiddur út vegna óuppfylltra skilyrða sem sett hafa verið af stjórn sjóðsins og fellur hann þá niður, sbr. 2. mgr. 7. gr. Skal stjórn sjóðsins, án þess að ákvæði 5. gr. og 2. mgr. 7. gr. eigi við, ráðstafa slíku fé í samræmi við tilgang sjóðsins og að gættum ákvæðum 2. mgr. 8. gr.

Stjórn sjóðsins lýkur störfum sínum þegar síðasta úthlutun hefur átt sér stað, sbr. 1. mgr., eða við ráðstöfun fjármuna skv. 3. mgr. og þegar lokauppgjör sjóðsins hefur farið fram.

Þjóðhátíðarsjóður starfaði samkvæmt skipulagsskrá nr. 361/1977 og var tilgangur hans „að veita styrki til stofnana og annarra aðila, er hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar, sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf.“ Stofnfé sjóðsins var ágóði Seðlabanka Íslands af útgáfu Þjóðhátíðarmyntar í tilefni af 1100 ára búsetu á Íslandi 1974, og myndaði hann höfuðstól Þjóðhátíðarsjóðs.

Stjórn sjóðsins úthlutaði ráðstöfunarfé hverju sinni í samræmi við megintilgang hans. Samkvæmt skipulagsskrá skyldi við það miðað „að styrkir úr sjóðnum verði viðbótarframlög til þeirra verkefna, sem styrkt eru, en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög til þeirra eða draga úr stuðningi annarra við þau.“

Stjórn sjóðsins var skipuð fimm manns til fjögurra ára í senn. Kaus Alþingi þrjá, einn var tilnefndur af ríkisstjórn og annar af Seðlabankanum, sem lét sjóðsstjórn í té ritara- og skrifstofuaðstoð. Forsætisráðherra skipaði formann stjórnar og staðgengil hans, venjulega hina sömu og ríkisstjórnin tilnefndi.

Lokið var við úthlutun styrkja úr Þjóðhátíðarsjóði 2010 vegna ársins 2011 sem jafnframt var síðasta almenna úthlutun sjóðsins.

Upplýsingar um styrkveitingar er að finna á vefslóðinni:
<http://www.forsaetisraduneyti.is/afgreidsla/sjodir/thjodhatidarsjodur/>

Ályktun Alþingis nr. 22/133 um minningu tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta, 16. mars 2007 – þskj. 1308.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd til að undirbúa hvernig minnast eigi þess að 17. júní 2011 verða liðin 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar forseta.

Stjórn málaflokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi tilnefni hver um sig einn í nefndina, forseti Alþingis einn og Hrafnseyrarnefnd einn.

Forsætisráðuneyti láti nefndinni í té starfsaðstöðu.

Nefndin geri fyrstu tillögur eigi síðar en í árslok 2008 en vinni síðan að undirbúningi hátíðarhalds á árinu 2011. Nefndin leiti enn fremur eftir tillögum frá stofnunum og samtökum sem tengjast minningu Jóns Sigurðssonar forseta.

Fyrsti fundur afmælisnefndarinnar var haldinn 30. ágúst 2007 en haldnir voru um 30 fundir á árunum 2007-2011 til að skipuleggja viðburði á afmælisárinu.

Á árinu 2010 var efnt til samkeppni um afmælismerki, frímerki og hönnun sýningar á Hrafnseyri. Úrslit voru kynnt í Ráðhúsi Reykjavíkur 17. júní 2010.

Viðburðir afmælisársins voru kynntir í afmælistíðindum í upphafi árs 2011. Á meðal viðburða má nefna:

- Vefurinn www.jonsigurdsson.is opnaður.
- Minnisvarðinn um Jón Sigurðsson á Austurvelli merktur í byrjun janúar.
- Sýningin Óskabarn opnuð í Þjóðmenningarhúsi 15. janúar.
- Ritgerðarsamkeppni 8. bekkinga um Jón Sigurðsson haldin í febrúar.
- Opinber mynd – sýning á vegum Myntsafns Seðlabanka og Þjóðminjasafns opnuð 10. mars.
- Jón Sigurðsson og atvinnulífið - málþing á vegum Samtaka atvinnulífsins haldið á Akureyri 25. mars.
- Lífsverk - sýning á handritum, bréfum og skjölum Jóns Sigurðssonar opnuð á Landsbókasafni Íslands 20. apríl.
- Þjóðhetjan og þjóðríkið – málþing á vegum Háskóla Íslands haldið 27. maí.
- Björtum öngli beitirðu – sýning byggð á kverinu Lítil fiskibók opnuð í Víkinni og Byggðasafni Vestfjarða 4. og 5. júní.
- Leiðtoginn og sjálfstæðisbaráttan – grunnsýning Þjóðminjasafns bætt og nýr sýningarhluti tekinn í notkun 8. júní.
- Varðinn í vestri – Jónasi Þór veittur styrkur til að skrifa bók um minnisvarðann um Jón Sigurðsson í Winnipeg.
- Líf í þágu þjóðar - Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri – húsnæðið á Hrafnseyri endurbætt og opnuð ný sýning þar 17. júní. Langstærsta verkefni afmælisnefndar.
- Alþingi á sal Lærða skólans - sýning í Menntaskólanum í Reykjavík opnuð 18. júní.
- Hátíð í Jónshúsi í Kaupmannahöfn 19. júní – afmælisnefndin afhenti Jónshúsi nýtt margmiðlunarefni um Jón Sigurðsson (sem einnig var sett upp á Hrafnseyri og í Þjóðminjasafni).
- Vesturheimur - leiksýning. Um þjóðhátíðarhelgina fóru tveir leikarar og leikstjóri til Kanada og Bandaríkjanna og fluttu leikþátt um Jón Sigurðsson í Markerville og Winnipeg í Kanada og Mountain í Norður-Dakóta.
- Lítil sýning um Jón Sigurðsson og landbúnaðinn var opnuð í Landbúnaðarsafni Íslands á Hvanneyri 10. júlí.
- Málþing og hátíðarfundur 7. desember – Stofnun Árna Magnússonar, Dómkirkjan í Reykjavík og afmælisnefndin stóðu fyrir viðburðum á dánardegi Jóns 7. desember. Á hátíðarfundinum var kynnt ný bók eftir Pál Björnsson sem afmælisnefndin styrkti sem ber heitið Jón forseti allur? Tákmyndir þjóðhetju frá andláti til samtíðar.

Ályktun Alþingis nr. 27/133 um þjóðfána Íslendinga í þingsal Alþingis, 17. mars 2007 – þskj. 1394.

Alþingi ályktar að í þingsal Alþingis skuli vera þjóðfáni Íslendinga.

Þegar þessi samþykkt lá fyrir var í samvinnu við arkitekta, sem unnið hafa að endurbótum á þinghúsinu í gegnum árin, kannað með hvaða hætti mætti koma fyrir íslenska fánanum í þingsalnum. Ýmsar útfærslur voru kannaðar og var verkinu lokið þegar þing kom saman þann 1. október 2007. Þjóðfáninn var þá kominn í þingsalinn eins og ályktunin kvað á um.

Ályktun Alþingis nr. 10/136 um rannsóknarsetur um utanríkis- og öryggismál, 30. mars 2009 – þskj. 853.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn Íslands að kanna grundvöll þess að setja á stofn sjálfstætt rannsóknarsetur á sviði utanríkis- og öryggismála.

Ríkisstjórnin hefur vísað ályktun þessari til nefndar um mótun þjóðaröryggisstefnu sem tók nýverið til starfa.

EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Ályktun Alþingis nr. 1/136 um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, 5. desember 2008 – þskj. 274.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta áform um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á grundvelli fyrirliggjandi viljayfirlýsingar íslenskra stjórnvalda.

Þann 5. desember 2008 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Með ályktuninni fól Alþingi ríkisstjórninni að leiða til lykta áform um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á grundvelli fyrirliggjandi viljayfirlýsingar íslenskra stjórnvalda. Helstu markmið áætlunarinnar voru:

- Efnahagslegur stöðugleiki
- Aðlögun ríkisútgjalda
- Varðstaða um útgjöld til velferðarmála til að milda áhrif kreppunnar
- Endurreisn fjármálakerfisins
- Lausn skuldavanda heimila og fyrirtækja
- Endurreisn trúverðugleika á íslenskt efnahagslíf

1. Samkomulag íslenskra stjórnvalda og AGS

Stjórn AGS (Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn) samþykkti efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda samkvæmt viljayfirlýsingu (e. Letter of Intent) þann 19. nóvember 2008. Í framhaldi hófst formlegt samstarf við AGS um framkvæmd áætlunarinnar. Samkvæmt samkomulagi sjóðsins og stjórnvalda var miðað við að áætlunin yrði endurmetin ársfjórðungslega. Á þeim grunni yrðu lánveitingar sjóðsins til Íslands ákveðnar. Forsendur áætlunarinnar voru síðan uppfærðar

með nýjum viljayfirlýsingum frá ríkisstjórninni í ljósi þróunar efnahagsmála, bæði hér á landi og alþjóðamörkuðum. Alls fóru fram sex endurskoðanir af hálfu AGS og lauk þeirri síðustu þann 26. ágúst 2011. Upphaflega var gert ráð fyrir að samstarfsáætluninni lyki í október 2010 en af ýmsum ástæðum tók hún lengri tíma en reiknað hafði verið með.

Heildarlántaka Íslands í tengslum við áætlunina nam rúmum 560 ma. kr. Þar námu lán frá AGS tæpum 270 ma. kr.

2. Lok samkomulags

Helstu markmið efnahagsáætlunar stjórnvalda hafa náðst þar sem sýnt hefur verið fram á eftirfarandi:

Stöðugleiki tryggður

- Efnahagur þjóðarinnar hefur tekið við sér. Spár gera ráð fyrir tæplega 3,5% hagvexti á árinu 2011.
- Krónan hefur náð stöðugleika og styður vel við útflutningsgreinar. Gjaldeyrishöft sem komið var á í kjölfar bankakreppunnar hafa átt sinn þátt í að draga úr óstöðugleika í fjármálakerfinu og auðveldað tímabundið verðbólguaðlögun og innlenda fjármögnun. Stýrivextir voru við lok endurskoðun sjóðsins 4,5% en fóru hæst í 18% í nóvember 2008.
- Umtalsverður afgangur hefur verið við vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd
- Atvinnuleysi er enn hátt en minnkað hraðar en búist var við og hefur ekki verið lægra frá hruni.
- Kaupmáttur hefur vaxið á ný og hefur ekki verið hærri frá hruni.

Árangur í ríkisfjármálum

- Mikill árangur hefur náðst í ríkisfjármálum.
- Búið er að ná tókum á skuldum ríkisins. Hlutfall skulda af VLF fer lækkanði á næstu árum.
- Ríkisfjármálin hafa verið tekin föstum tókum með það í huga að tryggja sjálfbæra skuldastöðu.
- Aðlögun ríkisfjármálanna hefur falist jöfnum höndum í lækkun útgjalda og hækkun tekna.
- Stærðargráða aðlögunaraðgerða frá miðju ári 2009 sem dregið hafa úr hallarekstri ríkissjóðs umfram það sem annars hefði orðið er um 10% af landsframleiðslu.
- Í ljósi þess árangurs sem hefur náðst í ríkisfjármálum og til að styðja betur við efnahagsbatann hefur ríkisfjármálaáætlunin nú verið endurskoðuð og aðlöguð að aðstæðum í samstarfi við AGS. Snýr það m.a. að svigrúmi til að mæta áhrifum kjarasamninganna frá vormisseri 2011 og árin 2014 - 2015 bætast við.

Endurreisn fjármálakerfisins

Fjármálakerfið hefur verið endurreist að stærstum hluta eftir algert hrun þess. Kostnaður ríkisins hefur orðið mun lægri en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Regluverk og eftirlit hefur verið endurskoðað frá grunni og heldur það starf áfram.

Víðtækar aðgerðir til úrlausnar skuldavanda heimila og fyrirtækja

Meðal brýnna verkefna sem efnahagsáætlunin hefur tekið til er endurskipulagning skulda heimila og fyrirtækja. Víðtækt samkomulag milli lánveitenda á íbúðalánamarkaði og stjórnvalda náðist í lok árs 2010 um lækkun skulda yfirveðsettra heimila (110% leiðin),

auknar vaxtabætur og vaxtaniðurgreiðslur o.fl. Á sama tíma var gert samkomulag um endurskipulagningu skulda lítilla og meðalstórra fyrirtækja, nefnt Beina brautin.

Endurnýjað traust

Í kjölfar falls bankanna hrundi traust á íslenskum þjóðarbúskap. Skuldatryggingarálag á Ísland hækkaði mikið við hrunið og varð hæst 1.400 punktar. Til marks um að traust hefur aukist á nýjan leik má nefna að skuldatryggingarálagið er nú vel undir 300 punktum sem er við eða undir meðaltali Vestur-Evrópuríkja. Endurnýjað traust sannaðist með áþreifanlegum hætti í afar vel heppnuðu ríkisskuldabréfaútbóði sem sýndi áhuga erlendra fárfesta og vakti mikla alþjóðlega athygli. Þessi árangur endurspeglast ekki hvað síst í ákvörðun alþjóðlega matsfyrirtækisins Fitch sem nýlega hækkaði láns hæfismatseinkunn ríkissjóðs Íslands upp í fjárfestingarflokk með stöðugum horfum.

Samstarfið við AGS skapaði trúverðuga umgjörð um viðbrögð íslenskra stjórnvalda við þeim óvenjulegu aðstæðum sem hér sköpuðust við hrun fjármálakerfisins og í þeirra efnahagskreppu sem fylgdi í kjölfarið. Sá árangur sem nú þegar hefur náðst við endurreisn efnahagslífsins staðfestir þetta.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI

Engar ályktanir Alþingis féllu undir verkefnasvið fjármálaráðuneytisins á umræddu tímabili.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTI

Ályktun Alþingis nr. 24/132 um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009, 3. júní 2006 – þskj. 1496.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2006–2009. Með byggðaáætluninni verði stefnt að því að bæta búsetuskilyrði á landsbyggðinni og efla samkeppnishæfni landsins. Eftirfarandi meginmarkmið verði lögð til grundvallar:

- a. Að landshlutakjarnar verði efldir en jafnframt hugað sérstaklega að leiðum til þess að treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun.*
- b. Að byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum á atvinnuháttum.*
- c. Að atvinnulíf, menntun, menning og félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni.*

Sérstök áhersla verði lögð á gildi menntunar og menningar, aukna nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi, bættar samgöngur og fjarskipti og styrkingu landshlutakjarnanna Akureyrar, Ísafjarðar og Miðausturlands og annarra mikilvægra atvinnu- og þjónustumiðstöðva á landsbyggðinni.

Á gildistíma byggðaáætlunar skulu stjórnvöld hafa þrjú meginatriði að leiðarljósi:

- a. Að stórefla menntun á landsbyggðinni.*
- b. Að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni.*
- c. Að efla Byggdastofnun og gera henni kleift með framlögum í fjárlögum að sinna mikilvægum verkefnum á sviði byggðamála.*

Helstu aðgerðir sem gripið verði til í því skyni að ná markmiðum áætlunarinnar verði eftirfarandi:

1. *Bættar samgöngur: Unnið verði að samgöngubótum og þróun almenningsgangna á landsbyggðinni samkvæmt samgönguáætlun sem taki mið af mikilvægi þeirra fyrir eflingu byggðar. Byggðastofnun skal í samvinnu við Vegagerðina leggja mat á slík verkefni.*
2. *Efling sveitarstjórnarstigsins: Hafid verði markvisst samstarf milli ríkis og sveitarfélaga um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Jafnframt verði unnið að sameiningu eða samvinnu sveitarfélaga á heildstæðum atvinnu- og þjónustusvæðum sem taki við slíkri starfsemi.*
3. *Bætt fjarskipti: Unnið verði áfram að því að tryggja fjarskipti og bæta gagnaflutningsmöguleika á landsbyggðinni í samræmi við fjarskiptaáætlun og stuðlað að því að jafnaður verði mismunur á kostnaði við flutningana.*
4. *Gerð og framkvæmd vaxtarsamninga: Unnið verði að gerð og framkvæmd svæðisbundinna vaxtarsamninga þar sem opinberir aðilar og einkaaðilar sameinast um aðgerðir til að efla samkeppnishæfni svæða og auka hagvöxt. Árangur af samningunum verði metinn reglulega.*
5. *Söfnun og úrvinnsla tölfræðilegra gagna um byggðaþróun: Árið 2006 verði skipulögð markviss söfnun og úrvinnsla tölfræðilegra gagna um byggðaþróun svo að reglubundin söfnun og úrvinnsla geti hafist hjá Byggðastofnun í upphafi árs 2007.*
6. *Undirbúningur að gerð landshlutaáætlana: Athugaðar verði niðurstöður verkefnis Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins um gerð svæðisáætlana á norðlægum slóðum og kannaðir kostir þess að gera landshlutaáætlanir á þeim grunni sem saman mundu ná yfir Ísland allt.*
7. *Athugun á stöðu byggðarlaga sem glíma við viðvarandi fólksfækkun: Gerð verði athugun á stöðu byggðarlaga sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun. Styrkleikar þeirra og veikleikar verði metnir og greindir möguleikar til eflingar byggðarlaganna.*
8. *Styrking atvinnuþróunar: Stodkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni verði samhæft og starfið gert markvissara. Nýsköpunarmiðstöðinni á Akureyri og atvinnuþróunarfélögum verði áfram tryggður öruggur starfsgrundvöllur.*
9. *Efling rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar: Árið 2006 verði gerð áætlun um viðtæka eflingu rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni, m.a. á sviði orkumála, sjávarútvegs, ferðaþjónustu og landbúnaðar. Í áætluninni verði skilgreind áherslusvið og fyrirkomulag samstarfs mótað. Samstarfið verði rekið sem þróunarverkefni út gildistíma byggðaáætlunarinnar.*
10. *Uppbygging þekkingarsetra/háskólasetra: Áfram verði unnið að uppbyggingu þekkingarsetra/háskólasetra á landsbyggðinni.*
11. *Efling dreifmenntunar á öllum skólastigum: Kostir dreifmenntunar, þar sem aðferðum fjarkennslu og staðbundinnar kennslu er beitt saman, verði nýttir til að veita fjölbreytt námsframboð á öllum skólastigum með samstarfi skóla. M.a. verði stuðlað að samstarfi háskóla um fjarkennslu. Skilgreind verði ákveðin marksvið í starfsmenntun á landsbyggðinni og unnið að eflingu þeirra í samstarfi framhaldsskóla, fyrirtækja og móðurskóla í starfsmenntun.*
12. *Efling símenntunar: Framboð símenntunar á landsbyggðinni verði aukið í samstarfi símenntunarmiðstöðva og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Jafnframt verði stuðlað að samstarfi símenntunarmiðstöðva og framhaldsskóla um starfsmenntun fyrir fullorðna.*
13. *Efling menningarstarfsemi: Áfram verði unnið að gerð menningarsamninga við sveitarfélög. Stuðlað verði að auknu samstarfi safna á landsbyggðinni innbyrðis og við höfuðsöfn. Skoðaðir verði möguleikar þess að nýta nýja tækni, m.a. stafrænt sjónvarp, við gerð og miðlun menningar- og sjónvarpsefnis af landsbyggðinni. Unnið verði að eflingu íþrótta- og æskulýðsstarfs á landsbyggðinni.*

14. *Hagnýting upplýsingatækni: Unnið verði að því að gera afrakstur tilraunaverkefnisins um rafrænt samfélag aðgengilegan fyrir önnur byggðarlög á landsbyggðinni.*
15. *Bætt heilbrigðisþjónusta: Unnið verði að bættri heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni, m.a. með flutningi verkefna á sviði heilbrigðismála frá ríki til sveitarfélaga. Heilbrigðisnet, sem m.a. tengir saman heilbrigðisstofnanir og gerir fjarlækningar mögulegar, verði þróað áfram og tekið í fulla notkun.*
16. *Efling þjónustu við innflytjendur og aukin fjölmennung: Unnið verði markvisst að gagnkvæmri samfélagsaðlögun innflytjenda. Kannað verði að frumkvæði heimamanna í hverjum landshluta hvort kostur sé á að stofna þjónustumiðstöðvar fyrir innflytjendur.*
17. *Greining sóknarfæra hefðbundinna atvinnugreina – efling opinberrar þjónustu: Gerð verði úttekt á stöðu landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar á landsbyggðinni og greind helstu sóknarfæri og nýsköpunarmöguleikar þessara hefðbundnu atvinnugreina. Hugað verði að því hvort efla megi opinbera þjónustu við þessar atvinnugreinar á landsbyggðinni, t.d. með flutningi tiltekinna verkefna.*
18. *Uppbygging ferðaþjónustu: Unnið verði að öflugri uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Áhersla verði lögð á sérkenni hvers landshluta og skipulagningu vaxtarsvæða. Þá verði unnið að því að bæta aðstöðu ferðamanna í þjóðgörðum og tryggja öruggt aðgengi þeirra.*
19. *Stuðningur við atvinnurekstur kvenna: Unnið verði að því að efla þátt kvenna í atvinnurekstri með ráðgjöf og námskeiðum. Hugað verði að leiðum til þess að gera stoðkerfi atvinnulífsins aðgengilegra fyrir konur.*
20. *Styrking skapandi greina: Unnið verði að eflingu skapandi greina í samræmi við ályktun Vísinda- og tækniráðs frá 2. júní 2005 með virkri þátttöku landsbyggðarinnar.*
21. *Efling umhverfisstarfs í sveitarfélögum: Umhverfisstarfsemi sveitarfélaga verði eflað með áherslu á framkvæmd Staðardagskrár 21, einkum í fámennum sveitarfélögum á landsbyggðinni.*
22. *Þátttaka í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPP): Ísland verði áfram virkur þátttakandi í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins.*
23. *Efling Norrænu Atlantsnefndarinnar (NORA): Ísland vinni áfram að því að útvíkka starfsemi NORA og beiti sér fyrir því að samstarfslöndin fjármagni starf nefndarinnar.*
24. *Iðnaðarráðherra skipi verkefnisstjórn til þess að hafa umsjón með framvindu byggðaáætlunarinnar.*

Í bréfi iðnaðarráðuneytisins til Byggðastofnunar dags. 20. september 2010 segir eftirfarandi: „Vegna yfirstandandi mats Byggðastofnunar á framkvæmd stefnumótandi áætlunar ríkisstjórnarinnar í byggðamálum fyrir árin 2006-2009 óskar ráðuneytið eftir því að stofnunin hafi samband við ábyrgðaraðila þeirra 23 aðgerða sem skilgreindar voru í áætluninni og greini framvindu þeirra og árangur. Þar sem vaxtarsamningar voru meðal veigamestu aðgerða áætlunarinnar þarf að meta árangur þeirra sérstaklega, m.a. út frá fjölda starfa eða annars konar verðmætasköpunar, sem til hefur orðið vegna þeirra. Vorið 2008 lagði iðnaðarráðherra fram á Alþingi skýrslu um framvindu byggðaáætlunarinnar, sem unnin var af Byggðastofnun. Rétt er að halda sömu framsetningu við gerð þessarar lokaskýrslu.“

Í framhaldi af þessu sendi Byggðastofnun ráðuneytum bréf þar sem óskað var upplýsinga um framkvæmd ráðuneytisins og stofnana þess á tillögum sem voru á ábyrgð viðkomandi ráðuneyta. Svör ráðuneyta bárust á tímabilinu frá október 2010 og fram til janúar 2011 og var fundað með einstökum ráðuneytum þar sem farið var yfir svörin. Þar var jafnframt ítrekað hvort hægt væri að meta hvaða störf hefðu myndast fyrir áhrif byggðaáætlunar og hver önnur

verðmætasköpun hefði orðið sem tengja megi áætluninni. Meðfylgjandi greinargerð byggir á svörum ábyrgðaraðilanna.

Iðnaðarráðuneytið óskaði eftir að sérstaklega yrði gerð grein fyrir vaxtarsamningum, atvinnu- og verðmætasköpun þeirra. Aðgerðartillaga um vaxtarsamninga var á ábyrgð Bygðastofnunar og Iðntæknistofnunar (síðar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands). Rétt þykir að taka fram að Bygðastofnun kom ekki að framkvæmd vaxtarsamninga á tímabili áætlunarinnar. Haft var samband við framkvæmdastjóra vaxtarsamninga og atvinnuþróunarfélaga þar sem framkvæmd samninga var á forræði atvinnuþróunarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Fram kom að fjöldi starfa og verðmætasköpun samninganna hefur ekki verið metin sérstaklega. Í framvinduskýrslu Vaxtarsamnings Eyjafjarðar kemur þó fram að ef þau 42 verkefni sem unnið var að á árunum 2008 og 2009 ná fram að ganga muni það skapa um 116 störf. Í lokaskýrslu Vaxtarsamnings Vestfjarða eru tilgreind 15 störf sem rekja megi beint til samningsins og 5 óbein störf vegna verkefna hans. Almennt töldu framkvæmdastjórnarnir að erfitt væri að meta áhrif samninganna á atvinnu- og verðmætasköpun. Umfang þeirra væri ekki mikið og aðrir áhrifaþættir vægju í mörgum tilvikum þungt þar sem störf hefðu orðið til. Þá væri sá tími sem vaxtarsamningar hafa verið í gildi ekki langur og að áhrif kæmu fram á lengri tíma. Ekki liggur fyrir samræmt mat á fjölda starfa eða verðmætasköpun vegna vaxtarsamninga. Hins vegar eru ákvæði í gildandi samningum sem kveða á um árangursmat og er því reynt að meta þessa þætti jafnóðum fyrir ný verkefni vaxtarsamninganna. Stuðst var við lokaskýrslur þeirra samninga sem lauk í árslok 2009 og leitað umsagnar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands um framkvæmd vaxtarsamninga og árangursmat þeirra.

Bygðaaætlun nær til afmarkaðra þátta og umfang hennar er ekki það mikið að hægt sé að reikna með að áhrif hennar á byggðapróun séu veruleg. Hún verður því fyrst og fremst metin af verkum tengdum einstökum aðgerðum áætlunarinnar. Það er mat Bygðastofnunar að framkvæmd byggðaaætlunar 2006-2009 hafi að flestu leyti tekist ágætlega og að einstök verkefni hafi skilað ágætum árangri. Öllum aðgerðum áætlunarinnar er ætlað að skila sér í sköpun nýrra starfa og annarri verðmætasköpun og er það mat stofnunarinnar að sú hafi verið raunin.

Iðnaðarráðherra skipaði verkefnisstjórn til þess að hafa umsjón með byggðaaætluninni. Í verkefnisstjórninni áttu sæti fulltrúar þeirra ráðuneyta og stofnana sem báru ábyrgð á framkvæmd einstakra aðgerða. Framan af áætlunartímabilinu gekk bærilega að ná saman fundum þó aldrei væri fullmætt. Smám saman dró úr mætingu og að lokum varð mæting svo slök að ekki var tilgangur í að halda fundi. Því voru engir formlegir fundir haldnir síðasta ár áætlunartímabilsins.

Ályktun Alþingis nr. 9/132 um eflingu samstarfs vestnorrænna landa í orkumálum, 2. júní 2006 – þskj. 1350.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2004, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að efla samstarf vestnorrænna landa í orkumálum.

Grænlandingar og Færeyingar glíma að mörgu leyti við svipuð vandamál í orkumálum þar sem orkuframleiðsla landanna byggir að stórum hluta á notkun jarðefnaeldsneytis. Grænlandingar hafa þó virkjað talsvert af vatnsorku, en þar er ekkert samtengt raforkukerfi.

Færeyingar nýta vatnsorku í litlum mæli og gera nú tilraunir með nýtingu vindorku. Aðstaða þessara nágrannalanda okkar í orkumálum er því gjörólík því sem þekktist hér á landi.

Hinn 6. júní 2001 var undirritaður samningur um samvinnu milli Grænlands og Íslands á sviði orkumála. Er þar einkum horft til rannsókna á vatnsorku en einnig jarðhita þar sem hann gæti verið að finna í Grænlandi.

Árið 2005 var ákveðið í ríkisstjórn að veita 2 m.kr. til jarðfræðirannsókna á Diskó-eyju á norður Grænlandi. Var sú ákvörðun tekin í kjölfar þess að beiðni kom frá bæjarstjóra Queqertarsuup, um að aðstoð yrði veitt við að rannsaka jarðhita sem þar er að finna. Íslenskum orkurannsóknum (Ísor) var falið að vinna að rannsóknunum. Niðurstöður frumrannsókna urðu þær að ekki var talin ástæða til að halda þeim áfram að svo komnu máli, m.a. vegna þess að jarðhitinn er innan friðaðs náttúrusvæðis.

Árið 2005 hafði iðnaðarráðuneytið frumkvæði af því að settur var á laggirnar vinnuhópur um orkumál Vestur-Norðurlanda, undir hatti norrænu embættismannanefndarinnar um orkumál. Vinnuhópurinn er enn starfandi en áherslur hafa breyst hvað það varðar að nú er horft almennt til orkumála á dreifbýlum svæðum á Norðurlöndum, en eftir sem áður er höfðu áhersla vinnunnar á orkumál í Færeyjum og Grænlandi. Í vinnu sinni horfir vinnuhópurinn sérstaklega til verkefna sem geta stuðlað að framleiðslu og geymslu á endurnýjanlegri orku á dreifbýlum svæðum og svæðum þar sem ekki er samtengt raforkukerfi. Starfsmaður Orkuseturs á Akureyri er fulltrúi Íslands í vinnuhópnum.

Árið 2005 stóð iðnaðarráðuneytið fyrir námskeiði hér á landi um vetnismál. Námskeiðinu var sérstaklega beint að fulltrúum stjórnvalda frá Grænlandi og Færeyjum.

Árið 2006 var skipaður vinnuhópur til að kanna möguleika á að leggja sæstreng frá Íslandi til Færeyja. Að vinnunni komu sérfræðingar frá færeysku jarðfræðistofnuninni Jarðfeingi, færeyska raforkufyrirtækinu SEV og Orkustofnun. Sérfræðingahópurinn skilaði skýrslu í nóvember 2007. Helstu niðurstöður skýrslunnar eru þær að hvorki lagalegar né tæknilegar hindranir séu í vegi fyrir því að hægt sé að leggja í umrætt verkefni. Öðru máli gegni hins vegar um fjárhagslegu hliðina en árið 2007 var kostnaður við lagningu sæstrengs talinn nema allt að 50 milljörðum króna, auk kostnaðar við uppbyggingu raforkukerfisins á eyjunum. Frá því skýrslan var gerð hefur ekki verið unnið frekar að málinu.

Ísland fór með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2009 og á sviði orkumála var sérstök áhersla lögð á starf í vinnuhópi um orkumál dreifbýlla svæða. Til að undirstrika þessar áherslur var í árslok 2008 haldin ráðstefna hér á landi um orkumál samgangna og fiskveiða, með áherslu á Vestur-Norðurlönd. Ráðstefnan var haldin í samvinnu Íslands, norræna vinnuhópsins um orku á dreifbýlum svæðum og Nora (Nordisk Atlantsamarbejde). Fyrirlesarar komu flestir frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. (Sjá: <http://www.nora.fo/index.php?pid=355>).

Nokkuð hefur verið um óformleg samskipti milli landanna á sviði orkumála og má nefna að fulltrúar grænleuskra stjórnvalda hafa átt fjölmarga fundi með starfsmönnum iðnaðarráðuneytis um ýmsa þætti er varða orkumál, svo sem varðandi löggjöf orku- og auðlindamála.

Formlegt samstarf Íslands við Færeyjar og Grænland í orkumálum fer að mestu fram á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar og vinnuhópum sem starfa undir merkjum hennar. Fulltrúar Íslands sem sæti eiga í nefndum og starfshópum Norrænu ráðherranefndarinnar um orkumál, styðja ávallt við góð verkefni sem snúa að Færeyjum og Grænlandi.

Ályktun Alþingis nr. 16/133 um sameiginlega stefnu í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd, 16. mars 2007 – þskj. 1263.

Alþingi beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að hún móti í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands sameiginlega stefnu í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd.

Í gildi er samningur á milli Íslands (iðnaðarráðuneytis), Grænlands og Færeyja um vestnorrænt ferðamálasamstarf, North Atlantic Tourism Association; NATA, sem tók fyrst gildi 1. janúar 2007. Samningurinn hefur tekið nokkrum breytingum eftir það, síðast í ársbyrjun 2011. NATA er alls að upphæð 2 millj. danskar krónur og alfarið fjármagnaður af stjórnvöldum.

Samningurinn endurspeglar áherslur landanna í ferðamálum en hlutverk NATA er að:

- styrkja, samhæfa og tryggja ferðamálasamstarf á milli landanna.
- skilgreina sameiginlega hagsmuni
- skilgreina samstarfsverkefni
- stofna vefgátt fyrir ferðaþjónustu á vestnorræna svæðinu
- efla samstarf í markaðsmálum
- auglýsa styrki til samstarfsverkefna
- þróa VNTM, vestnorrænu ferðakaupstefnuna.

Ályktun Alþingis nr. 30/133 um störf án staðsetningar á vegum ríkisins, 18. mars 2007 – þskj. 1415.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skilgreina öll störf á vegum ríkisins sem unnt er að vinna að mestu eða öllu leyti óháð staðsetningu, m.a. í því skyni að:

- jafna aðstöðu fólks til að sækja um og sinna margvíslegum störfum á vegum hins opinbera,
- auka möguleika fólks af landsbyggðinni til að gegna störfum á vegum ríkisins með því að gera hæfu fólki mögulegt að búa víðar en í sveitarfélagi viðkomandi stofnunar,
- stækka hóp hæfra umsækjanda um störf á vegum ríkisins,
- auka skilvirkni og draga úr kostnaði í opinberum rekstri.
- Tekið verði sérstaklega fram í auglýsingum frá ríkinu þegar störf án staðsetningar eru laus til umsóknar.

Á fundi með iðnaðarráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í ágúst 2008 voru kynntar hugmyndir starfshóps um störf óháð staðsetningu. Tillaga hópsins var að ráðist yrði í reynsluverkefni þar sem annars vegar verða kannaðir kostir og gallar fjarvinnufyrirkomulagsins hjá ýmsum opinberum stofnunum og hins vegar verði stjórnendur fengnir til að skyggna allar ráðningar stofnunarinnar með það í huga hvort hægt sé að vinna starfið óháð staðsetningu.

Var það samdóma álit þeirra sem að þessu máli komu að ekki væru forsendur til að hrinda þessu reynsluverkefni í framkvæmd vegna efnahagsástandsins á Íslandi. Staða málsins er því sú að lokið var við að skilgreina reynsluverkefni en framkvæmd þess hefur ekki farið fram.

INNANRÍKISRÁÐUNEYTI

Ályktun Alþingis nr. 23/133 um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010, 17. mars 2007 – þskj. 1386.

*Alþingi ályktar, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002, að á árunum 2007–2010 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við eftirfarandi áætlun:
Sjá nánar ofangreint þskj.*

Þingsályktunartillagan var lögð fram af ráðherra og var unnið að henni í samræmi við það af þeim stofnunum sem undir samgönguráðuneytið heyrðu á sviði flugmála, siglingamála og vegamála. Gerð var sérstök skýrsla um framkvæmd hvernar greinar samgangna fyrir sig og hún lögð sérstaklega fram af ráðherra á hverju ári.

Ályktun Alþingis nr. 29/133 um þjónustumiðstöð fyrir útgerð og siglingar í Norðurhöfum, 17. mars 2007 – þskj. 1402.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á möguleikum þess að efla norðanverða Vestfirði sem miðstöð þjónustu við vaxandi fiskveiðar við Austur-Grænland og skoða sérstaklega þann kost að þjónustumiðstöð og umskipunarhöfn fyrir siglingar í Norðurhöfum verði á Vestfjörðum. Haft verði náð samráð við heimamenn við gerð úttektarinnar.

Í þingsályktun um samgönguáætlun kemur fram endanleg ákvörðun Alþingis á ráðstöfun fjár til uppbyggingar samgöngumannvirkja. Á samgönguáætlun hefur ekki verið veitt fé til þessa málefnis og það því ekki orðið að veruleika.

Ályktun Alþingis nr. 6/135 um aukna samvinnu og samráð um öryggis- og björgunarmál milli Vestur-Norðurlandanna og við önnur ríki við Norður-Atlantshaf, 15. maí 2008 – þskj. 1004.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um að auka samvinnu og samráð um öryggis- og björgunarmál milli Vestur-Norðurlandanna og við önnur ríki við Norður-Atlantshaf. Lagt er til að komið verði á sameiginlegum björgunaræfingum til að samræma viðbúnað og samhæfa viðbrögð við alvarlegum slysum á Norður-Atlantshafi.

Sjá ályktun Alþingis nr. 7/135.

Ályktun Alþingis nr. 7/135 um samstarf milli slysavarnafélaga og björgunarsveita á sjó og landi í vestnorrænu löndunum, 15. maí 2008 – þskj. 1005.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um að stuðla að og styrkja samstarf slysavarnafélaga og björgunarsveita á sjó og landi í löndunum þremur.

Ráðuneytið sendi ályktanir Vestnorræna ráðsins nr. 3 og 4/2007 til umsagnar ríkislögreglustjóra, Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og Landhelgisgæslunnar. Í umsögn ríkislögreglustjóra kom fram að um almennt samstarf allra Norðurlanda væri að ræða en ekki sérstaklega með vestnorrænu þjóðunum eingöngu. Almannaávarnardeild ríkislögreglustjórans fer með samstarf í leita- og björgunarmálum vegna aðildar Íslands að norræna björgunarsamningnum (NORDRED). Aðilar að þeim samningi eru, auk Íslands, Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð. Margvíslegir fjölhliða og tvíhliða svæðisbundnir samningar hafa verið gerðir milli Norðurlandanna á þessu sviði á grundvelli áður nefnds samnings þó ekki hafi verið gerður svæðisbundinn samningur við hin vestnorrænu lönd á grundvelli ályktana Vestnorræna ráðsins um samvinnu um öryggis- og björgunarmál. Í svari Slysavarnarfélagsins Landsbjargar kom fram að félagið hefði haft lítið samstarf um öryggis- og björgunarmál við Færeyjar, Grænland og Norður-Noreg. Þó hafi þeir tekið þátt í sameiginlegri björgunaræfingu í Þórshöfn í Færeyjum. Félagið sendi þangað m.a. björgunarskip, -báta, skólaskip og björgunarlið. Þá hefur félagið komið að menntun björgunarmanna frá Færeyjum og Grænlandi. Þessi lönd hafa jafnframt sent þátttakendur á björgunarráðstefnu félagsins sem haldin er annað hvert ár. Félagið lýsti yfir fullum hug á frekari þátttöku en lýsti áhyggjum af hugsanlegum útgjöldum vegna þess. Í svari Landhelgisgæslunnar kom fram að stofnunin ætti í töluverðu samstarfi við leitar- og björgunaraðila á Grænlandi og í Færeyjum, m.a. vegna ýmissa alþjóðlegra samninga og skuldbindinga. Mikil samskipti séu þar á milli og hittist forstöðumenn árlega. Þá sé árlega haldin samæfing aðila sem að málaflokknum koma við norðanvert Norður-Atlantshafið á vegum NATO. Þátttakendur í þeirri æfingu, auk Landhelgisgæslunnar eru danski sjóherinn, færeyska landhelgisgæslan og MRCC Tórshavn. Landhelgisgæslan hefur mikið samstarf við danska sjóherinn, bæði á Grænlandi og við Færeyjar. Framangreindar upplýsingar voru sendar forsætisráðuneytinu með bréfi, dags. 26. júní 2009.

Til viðbótar framangreindu er rétt að nefna að í maí sl. var undirritaður í Nuuk á Grænlandi Alþjóðasamningur um samstarf við leit og björgun á hafi og í lofti á norðurslóðum (*Agreement on Cooperation on Aeronautical and Maritime Search and Rescue in the Arctic*), eða svo kallaður SAR-samningur. Með samningnum er brugðist við aukinni fyrirsjáanlegri umferð á sjó og í lofti og annarri starfsemi á norðurslóðum, m.a. vegna loftslagsbreytinga, og aukinni hættu á slysum sem þar af leiðir. Í samningnum eru leitar- og björgunarsvæði sem hvert ríkjanna átta bera ábyrgð á afmörkuð og kveðið á um skuldbindingar þeirra og samstarf við leitar- og björgunaraðgerðir. Aðilar að samningnum, auk Íslands eru Kanada, Rússland, Bandaríkin, Svíþjóð, Noregur, Finnland og Danmörk f.h. Grænlands og Færeyja.

Það skal tekið fram að ráðuneytinu barst bréf frá utanríkisráðuneytinu, dags. 14. apríl 2011, þar sem óskað var upplýsinga um afdrif ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 4/2007 sérstaklega. Því bréfi var svarað með bréfi ráðuneytisins, dags. 1. júní 2011. Þar kom m.a. fram, til viðbótar við framangreint, að framkvæmdastjóri Slysavarnarfélagsins væri í vinnuhópi sem vinnur að tillögum um uppbyggingu björgunarsveita á Grænlandi. Í hópnum eru einnig fulltrúar frá Noregi, Færeyjum og Grænlandi.

Ályktun Alþingis nr. 19/135 um viðauka við fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010, 29. maí 2008 – þskj. 1237.

Alþingi ályktar, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002, að á árunum 2007–2010 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við eftirfarandi áætlun, sem er viðauki við samgönguáætlun 2007–2010, er samþykkt var sem þingsályktun frá Alþingi 17. mars 2007. Sjá nánar ofangreint þskj.

Þingsályktunartillagan var lögð fram af ráðherra og var unnið að henni í samræmi við það af þeim stofnunum sem undir samgönguráðuneytið heyrðu á sviði flugmála, siglingamála og vegamála. Gerð var sérstök skýrsla um framkvæmd hvernar greinar samgangna fyrir sig og hún lögð sérstaklega fram af ráðherra á hverju ári

Ályktun Alþingis nr. 6/136 um lögfestingu sammings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18 2. nóvember 1992, 16. mars 2009 – þskj. 733.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lögfestingu sammings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Skal frumvarp sem felur í sér lögfestingu sammingsins og aðlögun íslenskra laga að sáttmálanum liggja fyrir 20. nóvember 2009.

Í framhaldi af þessari þingsályktun fékk dómsmálaráðuneytið Þórhildi Líndal, lögfræðing og fyrrverandi umboðsmann barna til að semja frumvarp til lögleiðingar á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Lauk því verki 11. nóvember 2009.

Ísland hefur sett fram sérstaka yfirlýsingu varðandi eitt ákvæði í samningnum þar sem fram kemur að það sé ekki skylda skv. íslenskum lögum að aðskilja unga fanga frá fullorðnum. Hins vegar sé tekið fram í lögum um fullnustu refsingar að við ákvörðun um hvar vista skuli fanga skuli m.a. taka tillit til aldurs hans. Miðað við aðstæður á Íslandi sé gert ráð fyrir að ákvarðanir um hvar vista eigi unga fanga verði ávallt teknar að höfðu viðmiði um hvað sé barninu fyrir bestu.

Til að koma til móts við kröfur sammingsins var settur á fót starfshópur sem í sátu fulltrúar dómsmálaráðuneytis, Barnaverndarstofu og Fangelsismálastofnunar sem hafði það hlutverk að skoða fyrirkomulag það sem til staðar er í dag við vistun fanga á aldrinum 15-18 ára og koma með tillögur um fyrirkomulag sem væri í samræmi við 37. gr. sammingsins. Skilaði starfshópurinn niðurstöðu sinni 3. júní 2010.

Niðurstaða starfshópsins var sú að börn sem dæmd hafa verið í óskilorðsbundna fangelsisrefsingu ættu að afplána í meðferð á meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu, að rýmum á lokaðri deild í neyðarvistun verði fjölgað fyrir þá sem eru í lausagæslu og að sérstök eining verði búin til á einu af meðferðarheimilum Barnaverndarstofu sem myndi uppfylla skilyrði sammingsins þannig að hægt yrði að lögfesta hann. Þar sem málefni Barnaverndarstofu heyra undir félags- og tryggingamálaráðuneytið nú velferðarráðuneytið var velferðarráðuneytinu sent málið til skoðunar. Hefur Barnaverndarstofa útfært þessar tillögur nánar og borið undir velferðarráðherra.

Ályktun Alþingis nr. 10/132 um að styðja stofnun og fjármögnun vestnorræna rithöfundanámskeiða, 2. júní 2006 – þskj. 1351.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2005, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að styðja stofnun og fjármögnun vestnorræna rithöfundanámskeiða.

Í menningarsamningi sem undirritaður var milli Grænlands, Færeyja og Íslands í nóvember 2003 var verkefni ársins 2005 bókmenntir og hvernig örva ætti unga sem og starfandi rithöfunda, m.a. með námskeiðahaldi. Verkefninu var stýrt frá Grænlandi en fyrir hönd Íslands tók Rithöfundasamband Íslands þátt í verkefninu. Vestnorræna ráðherranefndin hefur ekki stutt ályktun ráðsins um stofnun og fjármögnun rithöfundanámskeiða, en sé áhugi meðal rithöfunda landanna og þeirra samtaka fyrir slíku samstarfi þá sé það í verkahring Norræna menningarsjóðsins og Norrænu menningargáttarinnar að sinna þessu.

Ályktun Alþingis nr. 25/132 um ferðasjóð íþróttafélaga, 3. júní 2006 – þskj. 1512.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem í sitji fulltrúar fjármálaráðherra, menntamálaráðherra, sveitarfélaga, íþróttáforustunnar og íþróttafélaga úr öllum landshlutum til að gera úttekt á kostnaði við ferðalög íþróttafélaga á viðurkennd mót. Jafnframt setji nefndin fram tillögur um hvort og þá hvernig skuli koma á sérstökum sjóði til að taka þátt í þeim kostnaði, hvernig fjármögnun hans skuli háttað og eftir hvaða reglum skuli úthlutað úr honum. Enn fremur geri nefndin tillögu um hvaða íþróttagreinar gætu fengið framlög úr sjóðnum, meðal annars með tilliti til einstakra landsvæða, aldurshópa og kynja.

Þann 5. október 2006 skipaði menntamálaráðherra nefnd í samræmi við þingsályktunina. Vorið 2007 skilaði nefndin skýrslu um ferðakostnað og hvernig útfæra ætti framkvæmd ferðasjóðsins í samræmi við þingsályktunina. Haustið 2007 var svo gerður þjónustusamningur við ÍSÍ um umsjón með sjóðnum. Útbúnar voru úthlutunarreglur sem menntamálaráðherra samþykkti og hefur verið unnið eftir þeim síðan. Samningur um ferðasjóð rann út árið 2009. Alþingi hefur veitt framlögum í sjóðinn og hefur áfram verið unnið samkvæmt ákvæðum samningsins og úthlutunarreglum ÍSÍ útbjó tölvuforrit sem gerði ráð fyrir því að þau íþróttafélög sem ferðuðust lengst bæru mest úr býtum úr sjóðnum og hefur það gengið eftir. ÍSÍ skilar mennta- og menningarmálaráðuneyti árlega gögnum um úthlutun úr sjóðnum og eru þessar upplýsingar einnig fyrirbyggjandi á vef ÍSÍ ársskýrslum sambandsins. Framkvæmd verkefnisins hefur tekist afar vel og ríkir mikil sátt um þennan sjóð. Mennta- og menningarmálaráðuneytið vinnur nú að endurnýjun samningsins.

Ályktun Alþingis nr. 14/133 um kennslu vestnorrænnar menningar í grunnskólum, 16. mars 2007 – þskj. 1261.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að skora á ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands að tekin verði upp kennsla í grunnskólum landanna um sögu, þjóðfélagsgerð, menningu og tungumál vestnorrænna nágrannaþjóða.

Framkvæmd þingsályktunar hefur dregist.

Ályktun Alþingis nr. 25/133 um náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, 17. mars 2007 – þskj. 1392.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem kanni gildi þess og gagn að auka náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, sem úrræðis gegn brottfalli nemenda í framhaldsskólum og fyrir farsælt náms- og starfsval. Nefndin kanni sérstaklega ástæður þess að svo stór hluti nemenda velur bóknám að loknum grunnskóla, hver séu áhrif foreldra og kennara á náms- eða starfsval og hvaða hugmyndir grunnskólanemendur hafi um framhaldsnám og störf að námi loknu. Jafnframt geri nefndin samanburð á náms- og starfsráðgjöf í helstu nágrannalöndum, svo og árangri ráðgjafar og annarra úrræða gegn brottfalli.

Ráðherra skili Alþingi skýrslu um niðurstöður nefndarinnar, þar á meðal tillögum um aukna náms- og starfsráðgjöf og fyrirkomulag hennar ef niðurstöður hníga í þá átt, fyrir 15. nóvember 2007.

Í kjölfar þingsályktunarinnar skipaði mennta- og menningarmálaráðuneytið, hinn 17. janúar 2008, nefnd um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum sem úrræðis gegn brottfalli. Nefndin skilaði skýrslu með tillögum sem send var forseta alþingis 4. desember 2008.

Ný lög fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla voru samþykkt árið 2008. Í grunn- og framhaldsskólum er kveðið á um að öllum framhaldsskólum sé skylt að hafa náms- og starfsráðgjafa í starfi og í grunnskólalögum segir að allir nemendur hafi rétt á náms- og starfsráðgjöf. Lög um framhaldsfræðslu frá árinu 2010 kveða líka á um rétt fólks til náms- og starfsráðgjafar.

Lög um starfsheitið náms- og starfsráðgjafi tóku gildi vorið 2009 og þau styrktu réttindi náms- og starfsráðgjafa frekar. Í þeim er kveðið á um að þeir einir geti hlotið leyfisbréf til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa sem lokið hafi háskólaprófi á meistarastigi í greininni. Undanþáguákvæði er í lögnum sem segir að þeir sem voru í starfi þegar lögín tóku gildi geti fengið leyfisbréf.

Í tengslum við ný ákvæði laga um framhaldsskóla um fræðsluskyldu til 18 ára aldurs hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti stóreflt náms- og starfsráðgjöf í tengslum við innritun í framhaldsskóla. Hefur m.a. verið ráðinn náms- og starfsráðgjafi í fullt starf til að leiðbeina við innritun. Einnig hefur ráðuneytið komið á fót samstarfi við náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum til að miðla upplýsingum um samhæfa ráðgjöf til nemenda, m.a. um starfsnám. Í tengslum við vinnumarkaðsátak ríkisstjórnarinnar hefur einnig verið veitt aukið fjármagn til að fjölga náms- og starfsráðgjöfum í framhaldsskólum og ráðinn sérfræðingur í náms- og starfsráðgjöf til að samhæfa störf þeirra.

Ráðuneytið hefur gert samstarfssamning við Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands um uppbyggingu upplýsingavefs um náms- og starfsval. Sérfræðisetrið

hefur átt samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um þróun starfslýsinga og upplýsingamiðlunar um námsmöguleika, en Fræðslumiðstöðin vinnur nú að eflingu náms- og starfsráðgjafar innan fullorðinsfræðslu.

Óhætt er því að segja að náms- og starfsráðgjöf hafi eflst talsvert frá árinu 2007 þegar fyrrgreind þingsályktun var samþykkt.

Ályktun Alþingis nr. 4/135 um varðveislu Hólavallagarðs, 26. febrúar 2008 – þskj. 700.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að skipa nefnd til að vinna að því að tryggja varðveislu, uppbyggingu og kynningu á þeim umhverfis- og menningarsögulegu verðmætum sem eru fólgin í kirkjugarðinum við Suðurgötu, Hólavallagarði.

Að beiðni umhverfisráðuneytisins var þingsályktuninni vísað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Skv. V. kafla Þjóðminjalaga (20. - 23. gr.) annast Fornleifavernd ríkisins verndun kirkjugripa og minningarmarka og fellur Hólavallagarður sem menningarminjar undir 21. gr. laganna. Fornleifavernd ríkisins hefur látið gera skýrslu um Hólavallagarð og kom hún út haustið 2006. Í skýrslunni eru öll minningarmörk í kirkjugarðinum sem og umgjarðir kringum þau flokkuð með tilliti til menningarsögulegs mikilvægis þeirra auk þess sem hverju og einu þeirra er lýst í stuttu máli. Var verkið unnið með hléum á árunum 2002-2006 og byggir að nokkru á vinnu, sem hófst í Þjóðminjasafninu og eldri skýrslu frá 2002, en minningarmörk í kirkjugörðum voru hluti af verksviði safnsins skv. eldri þjóðminjalögum. Alls er 7465 minjum í kirkjugarðinum lýst og þær flokkaðar.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæmis ber ábyrgð á Hólavallakirkjugarði og er stofnunin sér mjög meðvituð um þau menningarsögulegu og grasafræðilegu minjar, sem í garðinum felast. Árið 1998 var skipuð þróunarnefnd um kirkjugarðinn sem styður varðveislu hans og sér um breytingar og viðgerðir í garðinum.

Skv. frumvarpi til menningarminja, sem bráðlega verður mælt fyrir á Alþingi, munu minningarmörk í kirkjugörðum verða á ábyrgð nýrrar stofnunar, Minjastofnunar Íslands. Í frumvarpinu er einnig reynt að bregðast við því 25 ára gati sem er á verndun kirkjugarða skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001 og lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993.

Þegar frumvarp um menningarminjar verður orðið að lögum verða málefni Hólavallakirkjugarðs tekin til gagn Gerrar skoðunar með tilliti til þingsályktunarinnar.

Ályktun Alþingis nr. 5/135 um gerð námsefnis fyrir unglunga um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum og mannréttindi, 15. maí 2008 – þskj. 1003.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um gerð námsefnis fyrir unglunga um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum og mannréttindi.

Í bréfi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til forsætisráðuneytis dagsettu 26. júní 2008 kemur eftirfarandi fram er varðar ályktunina: Ekki er ljóst af ályktuninni við hvaða skólástig er átt. Jafnrétti mun verða einn af þeim grunnþáttum sem lögð verður áhersla á í námskrám

fyrir öll skólastig sem unnið er að í ráðuneytinu. Hið sama gildir um mannréttindi. Skólar og kennarar á Íslandi hafa sjálfðæmi um hvaða kennsluefni þeir nýta við kennslu og ekki er heimilt að skylda þá til að kenna tiltekið námsefni. Ráðuneytið telur æskilegast að leitast sé við að kynna kjör kvenna á norðurslóðum og mannréttindi fyrir unglingum í gegnum almenna námskrá. Í framhaldi af ofangreindum viðbrögðum hefur ekki verið ráðist í gerð námsefnis fyrir unglinga um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum.

Ályktun Alþingis nr. 10/135 um stofnun norrænna lýðháskóla, 21. maí 2008 – þskj. 1056.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um fjárhagslegan stuðning við vinnuhóp á vegum Vestnorræna ráðsins sem í samvinnu við forsætisnefnd og skrifstofu Vestnorræna ráðsins útfæri tillögu að stofnun norrænna lýðháskóla á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti telur góð rök vera fyrir því að í framtíðinni verði stofnaður lýðskóli á Íslandi að norrænni fyrirmynd í samstarfi við Vestur-Norðurlönd og jafnvel öll Norðurlöndin. Ráðuneytið hefur átt í viðræðum við Ungmennafélag Íslands og fulltrúa sveitarfélaga á Suður- og Suðausturlandi vegna hugsanlegs samstarfs um stofnun þannig skóla. Vegna aðhalds í ríkisútgjöldum sem ekki sér fyrir endann á telur ráðuneytið þó ekki raunhæft að hefja formlegan undirbúning að slíku samstarfi Vestur-Norðurlanda að sinni.

Ályktun Alþingis nr. 21/135 um skáksetur helgað afrekum Bobbys Fischers og Friðriks Ólafssonar, 30. maí 2008 – þskj. 1295.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa starfshóp til að útfæra hugmyndir um alþjóðlegt skáksetur í Reykjavík sem helgað yrði skákafrekum stórmeistaranna Friðriks Ólafssonar annars vegar og Bobbys Fischers hins vegar.

Á sama tíma hafði ráðherra sett af stað viðræðunefnd sem samanstóð af fulltrúum úr ráðuneytinu og fulltrúum frá Skáksambandi Íslands og Félagi stórmeistara til þess að ræða heildarstuðning ríkisins við skákhreyfinguna og hugsanlega að koma á nýju skipulagi um launasjóð stórmeistara. Ákveðið var að vísa þingsályktunartillögunni til þessarar nefndar og ræða átti hana í samhengi við heildarendurskoðun á stuðningi ríkisins til skákmála. Þegar efnahagshrunið verður haustið 2008 tefst þessi vinna enda talsverð óvissa almennt í vinnu ráðuneyta og erfitt að gera áætlanir um verkefni til framtíðar. Í byrjun árs 2010 er ákveðið að halda sama skipulagi á skákmálum í bili og ákveðið að setja reglugerð um launasjóð stórmeistara. Haustið 2010 ákvað ráðherra að setja af stað sérstakan starfshóp til þess að vinna eingöngu að útfærslu hugmynda um skáksetur í samræmi við þingsályktunartillöguna og skilaði starfshópurinn tillögum sínum í apríl 2011. Vinnu við málið er ekki að fullu lokið en nú er unnið að því að kanna kostnað við tillögu starfshópsins.

Ályktun Alþingis nr. 5/136 um íslenska málstefnu, 12. mars 2009 – þskj. 699.

Alþingi ályktar að tillaga Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu verði samþykkt sem opinber stefna í málum er varða íslenska tungu. Alþingi lýsir yfir stuðningi við það meginmarkmið tillögu Íslenskrar málnefndar að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.

Í íslenskri málstefnu er fjallað um stöðu íslenskrar tungu í íslensku samfélagi og eru tillögurnar settar fram í ellefu köflum á alls 113 bls. Í hverjum kafla fyrir sig er fjallað um ástand, horfur, markmið og aðgerðir. Starfshópur um íslenska málstefnu sem er skipaður tveimur starfsmönnum úr mennta- og menningarmálaráðuneyti og þremur fulltrúum úr Íslenskri málnefnd tók þegar til starfa vorið 2009. Starfshópurinn hafði með höndum að sjá um kynningu á íslenskri málstefnu og einnig að meta hvaða aðgerðir væri hægt að ráðast í sem fyrst og setja fram tillögur um leiðir til að vinna að markmiðum íslenskrar málstefnu. Starfshópurinn hefur haldið alls um 30 fundi og hefur ráðuneytið í kjölfarið hrint í framkvæmd fjölda verkefna og aðgerða í samræmi við áherslur íslenskrar málstefnu. Meðal helstu aðgerða má nefna eftirfarandi:

Nefnd um lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls

Þann 6. maí 2009 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra nefnd um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Hlutverk nefndarinnar var einkum að setja fram tillögur sem ætlað var að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls í íslensku samfélagi. Nefndin lauk störfum vorið 2010 og lagði fram ítarlega skýrslu þar sem m.a. voru drög að frumvarpi um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls. Þann 7. júní sl. voru samþykkt á Alþingi lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls sem mennta- og menningarmálaráðherra lagði fram.

Nefnd um íslensku í fjölmiðlum

Í íslenskri málstefnu eru lögð til þau markmið að fjölmiðlar og auglýsingastofur setji sér málstefnu, standi vörð um íslenskt mál, haldi áfram að stuðla að umræðu og fræðslu um íslenskt mál, vandað sé til verka við þýðingar og yfirllestur skjátexta, hvatt verði til metnaðarfullrar og fjölbreytilegrar íslenskrar dagskrárgerðar, talsetning á sjónvarpsefni fyrir börn sé á vönduðu og góðu máli og íslenska sé meðal kennslugreina í fjölmiðlafræðinámi á háskólastigi. Stefnt er að því í málstefnunni að allir fjölmiðlar setji sér málstefnu.

Til þess að ofangreind markmið náist ákvað ráðuneytið að stofna nefnd sem skipuð var fulltrúum frá Bláðamannafélagi Íslands, Íslenskri málnefnd, málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Félagi fréttamanna og menntamálaráðuneyti.

Nefndin skilaði tillögum síðla árs 2009 og var einhuga um að leggja til að lögfest verði sem skylda allra fjölmiðla að þeir setji sér skriflega málstefnu. Þar sem slíkt ákvæði var ekki að finna í frumvarpi til laga um fjölmiðla var því bætt inn í frumvarpið í meðförum þingsins og kveða nú fjölmiðlalög á um að fjölmiðlar skuli setja sér málstefnu.

Íslenska í háskólum.

Ráðherra hefur á fundi með rektorum ítrekað rætt málefni íslenskrar tungu. Ráðherra sendi öllum rektorum háskólastigsins bréf í september 2010 þar sem óskað er eftir formlegum viðbrögðum við málstefnunni og háskólar upplýsi ráðherra um á hvern máta þeir hyggist beita sér fyrir málefnum íslenskunnar í skólastarfi og rannsóknum. Haldið var fyrir á þessu ári málþing með fulltrúum allra háskólanna um íslenska málstefnu.

Nefnd um íslensku í tölvuheiminum.

Í íslenskri málstefnu er sett það markmið að íslensk tunga verði nothæf og notuð á öllum þeim sviðum innan tölvu- og upplýsingatækninnar sem varða daglegt líf alls almennings. Nefnd um íslensku í tölvuheiminum fékk skipunarbréf 18. janúar 2010 og var falið að fylgja eftir þeim aðgerðum sem koma fram í íslenskri málstefnu. Á nefndin að fylgja eftir stefnu um notendaviðmót á íslensku í skólum og gera áætlun um aðrar aðgerðir.

Endurskoðun aðalnámsskrár

Í kjölfar leik-, grunn- og framhaldsskólalaga sem samþykkt voru á Alþingi 2008 hefur verið unnið að endurskoðun á aðalnámsskrám fyrir þessi skólastig. Ráðherra hefur lagt áherslu á að við endurskoðunina verði íslensk málstefna höfð til hliðsjónar.

Ritinu *Íslenska til alls - íslensk málstefna* hefur verið dreift til allra stofnana, skóla og víðar.

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI

Ályktun Alþingis nr. 7/132 um samstarf Vestur-Norðurlanda um markmið í fiskveiðimálum, 2. júní 2006 – þskj. 1348.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2004, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að efla samstarf Vestur-Norðurlanda um ýmis markmið í fiskveiðimálum gagnvart Evrópusambandinu.

Innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar, hefur undir formennsku Íslands árið 2009 og síðan Færeyja og Grænlands, fyrir hönd Danmerkur árið 2011 verið unnin ýmis verkefni sem tengjast afstöðu vestnorrænu landanna til endurskoðunar ESB á fiskveiðistjórnunarstefnu sinn, s.s í formi funda, vinnuhópa og vinnuskjala.

Ályktun Alþingis nr. 11/132 um samstarf til að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi, 2. júní 2006 – þskj. 1352.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2005, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að efna til samstarfs til að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi, þar með talið að tryggja að fundnar verði raunhæfar tölur um stofnstærðir jafnt fríðaðra sem kvótaveiddra hvala í Norður-Atlantshafi.

Náið samstarf á sér stað milli vestnorrænu landanna á vettvangi NAMMCO (Norður Atlantshafssjávarspendýraráðsins). Árið 2007 fóru fram umfangsmestu hvalatalningar sögunnar (T-NASS) á vegum NAMMCO að frumkvæði þessara þjóða og niðurstöður þeirra hafa verið kynntar m.a. á vettvangi NAMMCO, IWC (Alþjóðahvalveiðiráðsins), og Arctic Council (Heimskautaráðsins). Á þessu ári hófst undirbúningur fyrir næstu talningum á Norður-Atlantshafi og gert er ráð fyrir að þær fari fram 2013-2015.

Ályktun Alþingis nr. 20/132 um þjóðarblóm Íslendinga, 2. júní 2006 – þskj. 1375.

*Alþingi ályktar að holtasóley (*Dryas octopetala*) verði þjóðarblóm Íslendinga.*

Ráðuneytið hefur ekki sérstaklega haldið utan um hvar eða hvernig þjóðarblómið hefur verið nýtt eftir að það var samþykkt sem slíkt, enda ekki talið það hlutverk sitt, en vitað að fjöldi aðila hefur notað það á einn eða annan hátt.

Nokkur dæmi um notkun á þjóðarblóminu:

- Jólakort/kveðjukort voru gefin út af landbúnaðarráðuneyti með mynd af Holtasóley – einni og sér og fleirum í þéttri skipan og notuð bæði sem jólakort og kveðju.
- Skartgripir hafa verið til sölu þar sem Holtasóley hefur verið notuð á einn eða annan máta.
- Gefið var út frímerki með Holtasóley.
- Fyrirtækið Lín Design hannaði og framleiddi sængurverasett með þjóðarblóminu.
- Auntdesign hannaði og framleiddi boli með mynd af Holtasóley og seldi til styrktar hjartveikum börnum.
- Vísindavefur Háskóla Íslands er með kynningu á þjóðarblóminu.
- Sólskinsvefurinn er með kynningu á þjóðarblóminu.
- Landvernd prentaði og seldi boli með þjóðarblóminu á.
- Landvernd prentaði og seldi “buff” fyrir krakka með þjóðarblóminu á. Þessu fylgdi með lítill miði með þjóðarblóminu og heiti þess á íslensku og latínu.
- Námsgagnastofnun gaf út þemahefti með kynningu á Holtasóley – þjóðarblómi Íslendinga.
- Þjóðarblómið kemur víða fram á heimasíðum, má nefna Soroptimistasamband Íslands og fleiri aðila, þ. á m. í tengslum við ferðapjónustu.
- Klúbbur Soroptimista hefur gefið út barmmerki með þjóðarblóminu til sölu meðal klúbbfélaga.
- Ritaðar hafa verið greinar í bækur, blöð og tímarit og ljóð hafa verið ort og birt um þjóðarblómið.
- Vaki; nafn og merki á nýju gæða- og umhverfismerki fyrir ferðapjónustuna á Íslandi var valið en þar segir m.a. í umsögn: “Ennfremur er horft til umhverfisins; auðveldlega má sjá í merkinu tilvísun í holtasóley, þjóðarblóm Íslendinga, hvað varðar bæði lögum og lit”.
- Almennigur vísar í þjóðarblómið – leiðsögumenn nefna það og mjög víða má finna litla muni á mörkuðum þar sem þjóðarblómið er notað.

Enda þótt hér hafið verið bent á nokkur dæmi um notkun á þjóðarblóminu er ástæða til að vekja enn frekar athygli á því t.d. er varðar kynningu í tengslum við ferðapjónustu á Íslandi almennt.

Ályktun Alþingis nr. 11/133 um trjáræktarsetur sjávarbyggða, 15. mars 2007 – þskj. 1214.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hefja undirbúning að stofnun trjáræktarseturs sjávarbyggða í Vestmannaeyjum sem hafi það markmið að rannsaka særöks- og loftslagsbreytingar á trjágróðri og trjárækt á eyjum í Norður-Atlantshafi, einkum Íslandi, Færeyjum, Hjaltilandi, Orkneyjum, Suðureyjum og Grænlandi.

Í nefndaráli „Uppbygging trjáræktarseturs sjávarbyggða í Vestmannaeyjum” voru haustið 2007 lagðar fram tillögur um hvernig fylgja beri eftir þingsályktun um Trjáræktarsetur sjávarbyggða sem samþykkt var á Alþingi þ. 15. mars 2007.

Um haustið 2007 var orðið of seint að leggja fram áliðið sem grunn að fjárveitingu komandi árs, en þess var vænst að málið fengi umfjöllun árið eftir (2008).

Ekki þarf að fjölyrða um ástæður þess að ekki var talið fært að leggja málið fram á árinu 2008 og þannig hafa málin staðið allar götur síðan.

Haustið 2008 var boðað að fresta skyldi öllum nýjum verkefnum um ófyrirsjáanlegan tíma.

Forsenda setursins var grunnfjármögnun í gegnum fjárlög sem dugar fyrir launum lyklistarfsmanna og almennum rekstri. Grunnfjármögnun verður að vera tryggð til a.m.k. fimm ára. Heildarkostnaður við Trjáræktarsetrið var áætlaður 25 milljónir fyrsta starfsárið en næstu ár á eftir er gert ráð fyrir 17 milljón króna fjárframlagi frá ríki.

Ef vilji er fyrir því að endurvekja málið, mun ekki standa á nefndarmönnum að taka þátt í því starfi.

Ályktun Alþingis nr. 9/135 um samvinnu vestnorrænu landanna um rannsóknir á helstu nytjastofnum sjávar innan lögsögu þeirra, 21. maí 2008 – þskj. 1055.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um að koma á reglubundinni samvinnu milli landanna um stofnstærðarrannsóknir á helstu nytjastofnum sjávar innan lögsögu þeirra, frekari samræmingu rannsóknaraðferða og skilvirkari upplýsingagjöf um útbreiðslu fiskstofna og sjávarspendýra.

Hafrannsóknastofnunin á Íslandi er í viðtæku samstarfi um haf- og fiskirannsóknir við systurstofnanir á Grænlandi og í Færeyjum. Fyrst og fremst tengist það sameiginlegri þátttöku í nokkrum af vinnunefndum Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) en einnig er um að ræða sértækara samstarf sem tengist afmörkuðum verkefnum. Þá eru þjóðirnar þrjár aðilar að Norður Atlantshafs sjávarspendýraráðinu (NAMMCO) og innan þess eiga þær með sér víðtækt samstarf varðandi rannsóknir á hvölum og selum.

1. Samvinna um rannsóknir á nytjastofnum, sérstaklega sameiginlegum stofnum og samhæfingu rannsóknaraðferða

Íslendingar, Grænlandingar og Færeyingar deila ásamt öðrum þjóðum stofnum karfa og grálúðu. Íslendingar og Grænlandingar deila loðnu ásamt Norðmönnum. Íslendingar og Færeyingar deila norsk-íslenska vorgotssíldarstofninum og kolmunnastofninum með nokkrum öðrum þjóðum. Þá skal nefnt að líta verður á þorsstofn við Ísland sem deilistofn þessara þjóða í ljósi seiddareks frá Íslandi og hrygningarfisks frá Grænlandi, en einnig í ljósi göngu þorsks héðan til Færeyja.

Í ljósi sameiginlegra nýtingarhagsmuna hafa hafrannsóknastofnanir á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum um árabil haft með sér víðtækt samstarf hvað varðar rannsóknir á ofanefndum stofnum. Í meðfylgjandi töflu gefur að líta hin helstu þessara verkefna og hér að neðan verður fjallað um þau ítarlegar.

Stofnstærðir fiska

Reglubundið samstarf Hafrannsóknastofnunarinnar við rannsóknastofnanir á Grænlandi og í Færeyjum hvað varðar stofnstærðarrannsóknir á fiskistofnum tengist aðallega samstarfi í sameiginlegum vinnunefndum Alþjóðahafrannsóknaráðsins um stofnmat á viðkomandi tegundum. Á þessum árlegu fundum leggja vísindamenn frá einstökum löndum fram gögn og eru þau rædd, greind og metin með tilliti til gæða og aðferðafræða. Venjulega skila vísindamenn þessara þjóða yfirleitt sameiginlegri niðurstöðu sem síðan er grundvöllur að tillögum Alþjóðahafrannsóknaráðsins um sjálfbæra nýtingu viðkomandi stofns. Í mörgum

öðrum vinnunefndum Alþjóðahafrannsóknaráðsins sem sérstaklega beinast að aðferðafræði eða úrlausn ákveðinna fiskifræðilegra verkefna eiga þjóðirnar þrjár einnig með sér samstarf. Aðferðir þær sem beitt er við rannsóknir hjá stofnunum í þessum löndum eru í stórum dráttum sambærilegar og miðast við bestu fræði á hverjum tíma en eðlilega geta ákveðin afbrigði aðferða átt betur við á einum stað en öðrum. Hafa verður í huga að jafnvel þótt fiskveiðistjórnun sé allóflík á milli þessara landa, eru fræðin og fiskifræðilegar aðferðir í flestu þær sömu. Samstarf um mælingar og gögn eru hins vegar alnauðsynlegar þegar um er að ræða deili- eða flökkustofna.

Fiskmerkingar og göngur

Hafrannsóknastofnunin hefur á undanförunum árum stundað víðtækar fiskmerkingar, bæði með hefðbundnum merkjum og einnig með svokölluðum mælimerkjum en með þeim er unnt að fá upplýsingar um bæði hitastig og dýpi sem að fiskurinn hefur haldið sig þann tíma sem hann hefur borið merkið. Merkingar á þorski hafa m.a. annars verið framkvæmdar í tengslum við viðamikið evrópskt samstarfsverkefni (CATAG) sem nýlokið er og Íslendingar stýrðu. Þar voru Færeyingar einnig þátttakendur sem „undirverktakar“ í verkþætti Íslendinga í ákveðnum verkþáttum.

Tafla: Helstu verkefni Hafrannsóknastofnunarinnar á sviði fiskirannsóknna sem eru að einhverju leyti unnin í samstarfi við Grænland og/eða Færeyinga.

Verkefni í starfsáætlun Hafrannsóknastofnunarinnar	Grænland	Færeyjar
Stofnstærðarrannsóknir á fiskistofnum		
Stofnstærð þorsks og afli	X	X
Stofnstærð ufsa og ráðgjöf	X	X
Stofnstærð karfa og ráðgjöf, Bergmálmæling úthafskarfa	X	X
Stofnstærð grálúðu og ráðgjöf	X	X
Stærð loðnustofnsins, nýliðun og afli	X	X
Mælingar á stærð loðnustofnsins að haust- og vetrarlagi	X	X
Umhverfi, fæða og útbreiðsla síldar í Austurdjúpi		X
Mælingar á kolmunnagöngum og stofnmat		X
Fiskmerkingar og göngur		
Merkingar á þorski við Ísland	X	X
Ufsamerkingar		X
Merkingar karfa með neðansjávarmerkingarbúnaði		
Erfðafræðirannsóknir		X
Tengsl þorskstofna við Ísland og Grænland	X	
Population origin of redfish in the International waters in the Norwegian Sea	X	X
Líffræði og lífssaga		
Gengur fullorðinn þorskur til Grænlands	X	
Hvalarannsóknir		
Hvalatalningar 2007	X	X
Vistfræðirannsóknir		
Fæðuvistfræðileg tengsl dýrasvifs og fiska yfir Reykjanes hrygg		X

Hafrannsóknastofnunin hefur á undanförunum árum unnið að víðtækum merkingum á ufsa við Ísland. Þessar rannsóknir voru á sínum tíma ítarlega kynntar fyrir samstarfsaðilum í Færeyjum til þess að tryggja árangur m.a. í tengslum við merkjaskil og túlkun á niðurstöðum en vitað er að ufsi á Íslandsmiðum getur tekist á hendur víðtækar göngur í Noregshafi og eins á ufsi frá t.d. Noregi og Færeyjum það til að veiðast á Íslandsmiðum.

Hafrannsóknastofnunin er eina stofnunin við norðanvert Norður Atlantshaf sem hefur yfir að ráða búnaði til merkinga á karfa neðansjárvar. Búnaður þessi er mikil nýlunda þar sem ekki verið unnt að merkja karfa með hefðbundnum aðferðum. Á undanförunum árum hefur búnaðurinn verið notaður til þess að merkja karfastofninn í Irmingerhafi sem m.a. Íslendingar, Grænlandingar og Færeyingar nýta sameiginlega. Marmið þessara rannsókna er að upplýsinga um göngur og samspil karfastofna þar sem mikil óvissa er í stofnaaðgreiningu og tengslum fisks af mismunandi svæðum. Um þetta verkefni hefur verið ítarlega fjallað í vinnunefndum Alþjóðahafrannsóknaráðsins þar sem Grænlandingar og Færeyingar taka þátt ásamt Íslendingum.

Erfðafræðirannsóknir

Hafrannsóknastofnunin hefur s.l. tvö ár staðið að erfðafræðirannsóknum með það að markmiði að kanna hvort unnt sé með erfðafræðilegum aðferðum að meta það hvort fullorðinn þorskur sem veiðst hefur við Austur Grænland á síðustu árum sé úr íslenskum þorskstofni eða grænenskum. Verkefnið er talið sérstaklega mikilvægt verkefni í ljósi aukinna veiða á þorski við Austur Grænland og til þess að varpa skýrara ljósi á tengsl þorskstofna við Ísland og Grænland. Fyrstu niðurstöður erfðarannsókna benda til lítils munar milli þorsks við Ísland og Grænland og þess vegna er ekki unnt að nota þau erfðamörk sem könnuð voru til þess að greina uppruna þorsks við Grænland. Grænlandingar hafa fylgst með framvindu þeirrar vinnu í gegnum samstarf í Alþjóðahafrannsóknaráðinu.

Árið 2006 hófust veiðar á karfa á alþjóðlegu hafsvæði í Noregshafi. Í ljósi nauðsyn þess að hafa stjórn á veiðunum var talið brýnt að þekkja tengsl þessa "stofns" við aðra karfastofna í Norður Atlantshafi. Með þetta í huga hófu þjóðirnar sem nýta karfastofna í norðanverðu Norður Atlantshafi sameiginlegar erfðarannsóknir þar sem borin var saman erfðafræði þessa stofns og svo aftur erfðafræði karfastofna úr Irmingerhafi, við Færeyjar, úr Noregshafi og Barentshafi. Frumvinna tengd erfðafræðinni fer fram á Hafrannsóknastofnuninni en auk Íslendinga taka þátt vísindamenn frá Færeyjum, Noregi og Rússlandi. Þetta verkefni er mikilvægt í veiðistjórnunarlegu tilliti og er samvinnuverkefni þjóða sem eiga hagsmuni að gæta og er því mikilvægt að þær komi einnig að fjármögnun þess.

Líffræði og lífssaga

Á árinu 2006 hófu Hafrannsóknastofnunin og grænenska náttúruvannsóknastofnunin í Nuuk samstarfsverkefni sem miðar að því að auka skilning á sambandi þorsks við Ísland og Grænland. M.a. er ætlunin að taka saman skrá um tiltækar upplýsingar um báða stofna, skrá hvaða upplýsingar tiltæk gögn hafa að geyma, gera samþætta frumgreiningu á tiltækum merkingargögnum frá Íslandi og Grænlandi. Þetta verkefni er sérstaklega áhugavert og tímabært að samtvinna í ljósi óvissu um hvort 2003 árgangur þorsks sem nú vex upp við Grænland muni ganga til Íslands og hugsanlegra breytinga á útbreiðslu þorsks vegna hlýnunar er mikilvægt að sinna þessu verkefni. Fyrsti sameiginlegi fundur vísindamanna sem koma að þessu verkefni verður haldinn í Nuuk í lok júlí í sumar.

Hvalarannsóknir

Eins og að ofan sagði þá eru Íslendingar, Grænlandingar og Færeyingar aðilar að NAMMCO og innan þess hafa þær um árabíl átt með sér víðtækt samstarf hvað varðar verndun,

veiðistjórnun og rannsóknir á sjávarspendýrum. Stærsta samstarfsverkefnið undanfarin ár hafa verið víðtækar og reglubundnar talningar á hvalastofnum í Norður Atlantshaf sem fór fram í fjórða sinn (TNASS, Trans North Atlantic Sightings Survey) sumarið 2007. Alls tóku þá um 10 þjóðir þátt í talningunum (sumar þeirra eru utan NAMMCO) og lögðu Íslendingar til 3 skip og flugvél, Færeyingar lögðu til skip og Grænlandingar lögðu til flugvél. Við úrvinnslu skiptist þetta víðtæka talningarverkefni í mörg smærri verkefni sem tengjast svæðisbundnum áherslum einstakra þátttökupjóða. Úrvinnsla gagna fer nú fram í náinni samvinnu sérfræðinga innan vinnunefndar NAMMCO um stofnstærðarmat og þá verða þær einnig ræddar í vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC).

Vistfræðirannsóknir

Árið 2004 hófust undir forystu Norðmanna umfangsmiklar fjölþjóðlegar rannsóknir á Mið Atlantshafshryggnum. Verkefni þetta miðar að því að rannsaka fæðuvistfræðileg tengsl í uppsjávarvistkerfinu yfir Atlantshafshryggnum frá Íslandi suður til Asoreyja. Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskisrannsóknastofunnar í Þórshöfn hafa unnið náið saman í þessum rannsóknum, einkum er snýr að nyrsta hluta Mið Atlantshafshryggjarins (Reykjaneshrygg) þar sem áherslan er á fæðuvistfræðileg tengsl dýrasvifs, mið- og djúpsjávarfiska og karfa. Gögnum var safnað á rs. Árna Friðrikssyni þar sem vísindamenn frá Færeyjum tóku þátt og síðan hefur verið unnið sameiginlega að úrvinnslu á niðurstöðum og birtingu á þeim. Þess má geta að dagana 14.-18. júní 2008 var haldinn vinnufundur á Hafrannsóknastofnuninni þar sem færeyskir samstarfsaðliðar komu til Íslands til þess að vinna að frágangi á niðurstöðum til kynningar á ársfundi ICES í haust.

2. Samhengi stofnstærða annars vegar og umhverfisþátta og veiða hins vegar

Segja má að rannsóknir sem tengjast því að reyna að skilja áhrif umhverfisþátta og veiða á nytjastofna hafi allt frá upphafi verið eitt megin viðfangsefni hagnýtra fiskifræðirannsókna. Hafrannsóknastofnunin líkt og aðrar sambærilegar stofnanir hefur þar reynt að leggja sitt af mörkum og segja má að allt frá því á áttunda áratug seinustu aldar hafi þetta verið eitt megin verkefni stofnunarinnar. Flestir nytjastofnar á Íslandsmiðum eru nú fullnýttir og við slíkar aðstæður samfara því að nú eiga sér stað verulegar breytingar í umhverfisaðstæðum er sérstaklega mikilvægt að reyna að skilja og greina í sundur áhrif veiða annars vegar og umhverfis hins vegar. Slíkt er þó mjög erfitt þar sem þessir þættir eru mjög samtvinnuðir, samspilið afar flókið og alls ekki eins hvað varðar einstakar tegundir og stofna.

Ekki rétt að útlista þessi atriði nánar í þessari greinargerð en þó má segja að í tengslum við mat og ráðgjöf varðandi fiskistofnana sé, á hverjum tíma og eins og frekast er unnt, reynt að greina stofnþróun hvers stofns bæði m.t.t. þess sem er að gerast hvað varðar veiðarnar og eins þess sem er að gerast í umhverfinu (t.d. hitafar, seltu, átumagn). Þar að auki vinnur Hafrannsóknastofnunin að mörgum sértækari verkefnum sem tengjast því að meta áhrif umhverfisþátta á nytjastofna. Helst þeirra eru sem hér segir:

Langtímabreytingar í átu. Markmið: Rannsaka langtímabreytingar á magni, útbreiðslu og framleiðni dýrasvifs á Íslandsmiðum og tengsl þessara þátta við vöxt og viðkomu helstu nytjastofna.

Ástand sjávar á Íslandsmiðum á ýmsum árstímum. Markmið: Vöktun á umhverfisþáttum í hafinu umhverfis Ísland með reglubundnum mælingum á hita og seltu á föstum sniðum umhverfis landið. Þessi gögn eru samþætt gögnum um útbreiðslu og stofnmat nytjastofna í sérverkefnum þar sem könnuð eru margvísleg tengsl ástands sjávar og afkomu nytjastofna.

Vistfræðirannsóknir í Íslandshafi. Markmið: Rannsaka hvernig ætisingur loðnu í Íslandshafi og Grænlandssundi tengjast breytilegum umhverfisþáttum (straumum, sjógerðum, næringarefnum) og vexti og viðgangi plöntu- og dýrasvifs.

Hagnýting upplýsinga um umhverfisþætti í sambandi við fiskveiðistjórnun. Markmið. Að þróa mælikvarða (metrics) til að kanna ástand vistkerfa og áhrif veiða og umhverfis á lífríki sjávar. Verkefnið er svokallað “Concerted action” verkefni sem styrkt er af ESB.

Fiskistofnar og kaldssjávarkóralar. Markmið: Að kanna mikilvægi kaldssjávarkórala fyrir fiskistofna. Verkefnið er samstarfsverkefni margra Evrópuþjóða og er styrkt af ESB. Þáttur Hafrannsóknastofnunarinnar felst m.a. í því að draga saman þekkingu á kóralsvæðum við landið, kanna vistfræði þeirra og mikilvægi fyrir fiskistofna.

Ástand hörpudisks og hitastig á hörpudisksmiðunum í Breiðafirði. Markmið: Að fylgjast með ástandi hörpudisks í Breiðafirði, m.a. með því að skoða breytingar á þyngd mismunandi líffæra eftir árstíma, hitastigi og kynþroska, og fylgjast með hlutfalli dauðra skelja.

Gerð líkans af samspili þorsks og loðnu. Markmið: Gerð líkans af samspili þorsks og loðnu í þeim tilgangi að meta áhrif loðnuveiða á mögulegan afrakstur þorskstofnsins.

3. Upplýsingaflæði um útbreiðslu fiskistofna og sjávarspendýra

Af framansögðu má vera ljóst að samstarf milli þeirra sem vinna að fiskirannsóknnum á Íslandi, Grænlandi og Færeyjum er þegar víðtækt þó auðvitað megi alltaf gera betur. Samfélag vísindamanna á þessu sviði í löndunum þremur er fámenn og í gegnum starfið sem þegar er við líði, sérstaklega á vettvangi Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES), Norður Atlantshafs sjávarspendýraráðsins (NAMMCO) og á vettvangi Norðurlandasamstarfsins, hafa margir einstaklinganna sem rannsóknunum tengjast unnið náið saman og kynnst persónulega. Þegar málum er þannig háttáð eru samskiptin og upplýsingaflæði opin og á vinsamlegum grunni þar sem markmiðið er að vinna að úrlausn sameiginlegra viðfangsefna. Þetta samstarf og samvinna nær til flestra þátta er að rannsóknunum lýtur, þ.m.t. miðlun á þekkingu og gögnum, samstarf við úrvinnslu, greinarskrif og birtingar, fræðsla um nýjungar í aðferðafræði og margt fleira. Mikilvægt er fyrir allar þessar þjóðir að þessu samstarfi sé haldið öflugt og virku.

UMHVERFISRÁÐUNEYTI

Ályktun Alþingis nr. 8/132 um átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf, 2. júní 2006 – þskj. 1349.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2004, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að semja framkvæmdaáætlun um markvisst átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf.

Umhverfisráðuneytið stóð fyrir - í samvinnu við utanríkisráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið og menntamálaráðuneytið - ráðstefnu hinn 11.-12. september 2006, undir heitinu: North Atlantic Climate and Ecosystems - A Current Threat? Ráðstefnan fjallaði um vísindalega þekkingu á samspili loftslags, hafstrauma og lífríkis hafsins í Norður-Atlantshafinu, með sérstaka áherslu á þær breytingar sem eiga sér stað nú og í framtíðinni vegna loftslagsbreytinga. Á ráðstefnunni voru kynntar niðurstöður viðamikils norræns rannsóknarverkefnis, Vestnordisk Oceanklíma, sem fjallar um samspil loftslags og hafstrauma á hafsvæðinu milli Grænlands og Noregs. Á ráðstefnunni fluttu tveir færeyskir og fjöldi íslenskra vísindamanna erindi, auk fyrirlesara frá Danmörku, Noregi, Bretlandi, Kanada og Bandaríkjunum. Á ráðstefnunni var dregin upp skýr mynd af bestu þekkingu vísindamanna á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf og áhrif þeirra á hafstrauma, hafís og lífríki

hafsins, sem getur haft veruleg áhrif á náttúru og mannlegt samfélag á Íslandi, Grænlandi og Færeyjum og annars staðar við Norður-Atlantshaf. Glöggt kom fram nauðsyn þess að efla enn rannsóknir á þessu svæði, þar sem djúpsjávarmyndun í hafinu austan Grænlands er lykilferli varðandi styrk Golfstraumsins og áhrif hans á loftslag við N-Atlantshaf og víðar. Ráðstefnan var styrkt af Norrænu ráðherranefndinni, ríkisstjórn Íslands og Vestnordisk Oceanklima. Skýrsla ráðstefnunnar o.fl. efni henni tengt er að finna á: <http://www.hafro.is/symposium/>. Umhverfissráðuneytið telur að ráðstefnan hafi verið mjög í anda ályktunar Vestnorræna ráðsins og að skýrslan frá ráðstefnunni sé gagnlegt yfirlit yfir þekkingu manna á lykilþáttum loftslagsbreytinga á hinu vestnorræna svæði, auk þess sem þar er að finna hugmyndir um frekari rannsóknir á svæðinu.

Ályktun Alþingis nr. 12/132 um samstarf Vestur-Norðurlanda í alþjóðlegri baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa, umhverfisvernd og notkun umhverfisvænna orkulinda, 2. júní 2006 – þskj. 1353.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2005, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að hefja samstarf um að Vestur-Norðurlönd standi saman í fararbroddi í alþjóðlegri baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa, umhverfisvernd og notkun umhverfisvænna orkulinda.

Ályktunin hefur víðtæka skírskotun til verksviða iðnaðarráðuneytisins og sjávarútvegsráðuneytisins, auk umhverfissráðuneytisins og e.t.v. til fleiri. Stefnumörkun Íslands um sjálfbæra þróun frá árinu 2002, Velferð til framtíðar, fjallar um flest svið umhverfisverndar og auðlindanýtingar.

Á grundvelli þessarar stefnumörkunar hafa íslensk stjórnvöld gefið út rit um tölulegar vísbendingar um árangur á sviði 17 lykilmarkmiða og annað rit um áherslur stjórnvalda á tímabilinu 2006-2009. Ekkert vestnorrænt samstarf er í gangi á þessu sviði, en Ísland tekur þátt, ásamt m.a. Grænlandi og Færeyjum, í uppfærslu og framkvæmd norrænnar áætlunar um sjálfbæra þróun.

Ályktun Alþingis nr. 4/135 um varðveislu Hólavallagarðs, 26. febrúar 2008 – þskj. 700.

Alþingi ályktar að fela umhverfissráðherra að skipa nefnd til að vinna að því að tryggja varðveislu, uppbyggingu og kynningu á þeim umhverfis- og menningarsögulegu verðmætum sem eru fólgin í kirkjugarðinum við Suðurgötu, Hólavallagarði.

Að beiðni umhverfissráðuneytisins var þingsályktuninni vísað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Sjá mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Ályktun Alþingis nr. 1/132 um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Túnis, 6. desember 2005 – þskj. 500.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Túnis sem undirritaður var í Genf í Sviss 17. desember 2004.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 2. janúar 2006 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. mars 2006.

Ályktun Alþingis nr. 2/132 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, 6. desember 2005 – þskj. 501.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003 frá 26. september 2003, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 22. desember 2005 og öðlaðist gildi 1. febrúar 2006.

Ályktun Alþingis nr. 3/132 um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2004 og 134/2004, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, 6. desember 2005 – þskj. 502.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2004 frá 4. júní 2004 og 134/2004 frá 24. september 2004, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang og 2003/108/EB frá 8. desember 2003 um breytingu á tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang.

Ákvarðanirnar voru staðfestar af Íslands hálfu 22. desember 2005 og öðluðust gildi 1. febrúar 2006.

Ályktun Alþingis nr. 4/132 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2004, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, 6. desember 2005 – þskj. 503.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2004 frá 23. apríl 2004, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2003/72/EB frá 22.

júlí 2003 um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 22. desember 2005 og öðlaðist gildi 1. febrúar 2006.

Ályktun Alþingis nr. 7/132 um samstarf Vestur-Norðurlanda um markmið í fiskveiðimálum gagnvart Evrópusambandinu, 2. júní 2006 – þskj. 1348.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2004, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að efla samstarf Vestur-Norðurlanda um ýmis markmið í fiskveiðimálum gagnvart Evrópusambandinu.

Þingsályktuninni hefur verið vísað til hlutaðeigandi fagráðuneytis.
Sjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Ályktun Alþingis nr. 8/132 um átak í rannsóknnum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf, 2. júní 2006 – þskj. 1349.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2004, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að semja framkvæmdáætlun um markvisst átak í rannsóknnum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf.

Þingsályktuninni hefur verið vísað til hlutaðeigandi fagráðuneytis.
Sjá umhverfisráðuneyti.

Ályktun Alþingis nr. 9/132 um eflingu samstarfs vestnorrænna landa í orkumálum, 2. júní 2006 – þskj. 1350.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2004, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að efla samstarf vestnorrænna landa í orkumálum.

Þingsályktuninni hefur verið vísað til hlutaðeigandi fagráðuneytis.
Sjá iðnaðarráðuneyti.

Ályktun Alþingis nr. 10/132 um að styðja stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða, 2. júní 2006 – þskj. 1351.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2005, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að styðja stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða.

Þingsályktuninni hefur verið vísað til hlutaðeigandi fagráðuneytis.
Sjá mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Ályktun Alþingis nr. 11/132 um samstarf til að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi, 2. júní 2006 – þskj. 1352.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2005, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að efna til samstarfs til að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi, þar með talið að tryggja að fundnar verði raunhæfar tölur um stofnstærðir jafnt fríðaðra sem kvótaveiddra hvala í Norður-Atlantshafi.

Pingsályktuninni hefur verið vísað til hlutaðeigandi fagráðuneytis.
Sjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Ályktun Alþingis nr. 12/132 um samstarf Vestur-Norðurlanda í alþjóðlegri baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa, umhverfisvernd og notkun umhverfisvænna orkulinda, 2. júní 2006 – þskj. 1353.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2005, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að hefja samstarf um að Vestur-Norðurlönd standi saman í fararbroddi í alþjóðlegri baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa, umhverfisvernd og notkun umhverfisvænna orkulinda.

Pingsályktuninni hefur verið vísað til hlutaðeigandi fagráðuneytis.
Sjá umhverfisráðuneyti.

Ályktun Alþingis nr. 13/132 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2005, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, 2. júní 2006 – þskj. 1354.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2005 frá 11. mars 2005, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB frá 31. mars 2004 um mælitæki.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 24. júlí 2006 og öðlaðist gildi 1. september 2006.

Ályktun Alþingis nr. 14/132 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, 2. júní 2006 – þskj. 1355.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2005 frá 8. júlí 2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 31. júlí 2006 og öðlaðist gildi 1. september 2006.

Ályktun Alþingis nr. 15/132 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2005, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, 2. júní 2006 – þskj. 1356.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2005 frá 8. júlí 2005, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 24. júlí 2006 og öðlaðist gildi 1. september 2006.

Ályktun Alþingis nr. 16/132 um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Suður-Kóreu, 2. júní 2006 – þskj. 1357.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Lýðveldisins Suður-Kóreu sem undirritaður var í Hong Kong 15. desember 2005.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 22. ágúst 2006 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. september 2006.

Ályktun Alþingis nr. 17/132 um staðfestingu samnings milli Ríkjasambandsins Sviss, Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í Sviss, á Íslandi eða í Noregi, 2. júní 2006 – þskj. 1358.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Ríkjasambandsins Sviss, Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í Sviss, á Íslandi eða í Noregi, sem gerður var í Brussel 17. desember 2004.

Samningurinn var staðfestur af Íslands hálfu 24. október 2006 og öðlaðist gildi 1. mars 2008.

Ályktun Alþingis nr. 18/132 um staðfestingu Norðurlandasamnings um almannaskráningu, 2. júní 2006 – þskj. 1359.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um almannaskráningu sem gerður var í Stokkhólmi 1. nóvember 2004.

Samningurinn var staðfestur af Íslands hálfu 7. september 2006 og öðlaðist gildi 1. janúar 2007.

Ályktun Alþingis nr. 19/132 um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2006, 2. júní 2006 – þskj. 1360.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2006 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Þórshöfn og Reykjavík 16. janúar 2006.

Samningurinn, sem einungis var til eins árs, öðlaðist gildi til bráðabirgða 16. janúar 2006. Honum var ekki veitt formlegt gildi.

Ályktun Alþingis nr. 21/132 um fullgildingu Hoyvíkur-samningsins milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar, 3. júní 2006 – þskj. 1489.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar, sem undirritaður var í Hoyvík í Færeyjum 31. ágúst 2005.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 18. júlí 2006 og öðlaðist gildi 1. nóvember 2006.

Ályktun Alþingis nr. 22/132 um fullgildingu samnings um tölvubrot, 3. júní 2006 – þskj. 1492.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um tölvubrot sem gerður var í Búdapest 23. nóvember 2001.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 29. janúar 2007 og öðlaðist gildi hvað Ísland varðar 1. maí sama ár.

Ályktun Alþingis nr. 1/133 um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja, 24. nóvember 2006 – þskj. 466.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja sem undirritaður var í júní og júlí 2006 á Höfn í Hornafirði, í Genf, Gabarone og Pretoríu.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 29. janúar 2007 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. maí 2008.

Ályktun Alþingis nr. 2/133 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2005, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, 8. desember 2006 – þskj. 607.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2005 frá 29. apríl 2005, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 21. desember 2006 og öðlaðist gildi 1. ágúst 2007.

Ályktun Alþingis nr. 3/133 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2005, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, 8. desember 2006 – þskj. 608.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2005 frá 29. apríl 2005, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB frá 21. apríl 2004 um yfirtökutilboð.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 21. desember 2006 og öðlaðist gildi 1. ágúst 2007.

Ályktun Alþingis nr. 6/133 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2005, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, 12. mars 2007 – þskj. 1110.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2005 frá 30. september 2005, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 25. apríl 2007 og öðlaðist gildi 1. júní 2007.

Ályktun Alþingis nr. 7/133 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, 12. mars 2007 – þskj. 1111.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2006 frá 2. júní 2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 92/49/EBE, svo og tilskipunum 98/78/EB og 2002/83/EB.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 25. apríl 2007 og öðlaðist gildi 1. júní 2007.

Ályktun Alþingis nr. 8/133 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, 15. mars 2007 – þskj. 1211.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2006 frá 7. júlí 2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 11. apríl 2007 og öðlaðist gildi 12. apríl 2007.

Ályktun Alþingis nr. 9/133 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2006, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, 15. mars 2007 – þskj. 1212.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2006 frá 22. september 2006, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB frá 26. október 2005 um samruna hlutafélaga yfir landamæri.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 25. apríl 2007 og öðlaðist gildi 1. júní 2007.

Ályktun Alþingis nr. 10/133 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2006, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn, 15. mars 2007 – þskj. 1213.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2006 frá 7. júlí 2006, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd).

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 13. apríl 2007 og öðlaðist gildi 1. júní 2007.

Ályktun Alþingis nr. 13/133 um samvinnu vestnorrænna landa og upplýsingamiðlun í baráttunni gegn reykingum, 16. mars 2007 – þskj. 1260.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að auka samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands í baráttunni gegn reykingum. Upplýsingamiðlun milli landanna verði eflað og haldin námsstefna fyrir vestnorrænar heilbrigðisstéttir um málið.

Pingsályktuninni hefur verið vísað til hlutaðeigandi fagráðuneytis. Sjá velferðarráðuneyti.

Ályktun Alþingis nr. 14/133 um kennslu vestnorrænnar menningar í grunnskólum, 16. mars 2007 – þskj. 1261.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að skora á ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands að tekin verði upp kennsla í grunnskólum landanna um sögu, þjóðfélagsgerð, menningu og tungumál vestnorrænna nágrannaþjóða.

Pingsályktuninni hefur verið vísað til hlutaðeigandi fagráðuneytis. Sjá mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Ályktun Alþingis nr. 15/133 um útvíkkun fríverslunarsamnings Færeyja og Íslands (Hoyvíkur-samningsins), 16. mars 2007 – þskj. 1262.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að ræða við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um möguleikann á því að útvíkka fríverslunarsamninginn sem Færeyjar og Ísland hafa gert (Hoyvíkur-samninginn).

Fram hefur komið á fundum með grænenskum ráðamönnum að Grænland telur ekki tímabært að svo stöddu að gerast aðili að Hoyvíkur-samningnum. Í samræmi við það ákvað Vestnorræna ráðið, á ársfundi sínum 23.-26. ágúst 2010, að falla frá umræddri ályktun sinni frá árinu 2006 þess efnis að landsstjórnir Íslands, Færeyja og Grænlands könnuðu möguleika á því að útvíkka Hoyvíkur-samninginn þannig að hann næði einnig til Grænlands.

Ályktun Alþingis nr. 16/133 um sameiginlega stefnu í ferðamálum fyrir Vestur-Norðurlönd, 16. mars 2007 – þskj. 1263.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að skora á ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands að tekin verði upp kennsla í grunnskólum landanna um sögu, þjóðfélagsgerð, menningu og tungumál vestnorrænna nágrannaþjóða.

Pingsályktuninni hefur verið vísað til hlutaðeigandi fagráðuneytis. Sjá iðnaðarráðuneyti.

Ályktun Alþingis nr. 17/133 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn, 16. mars 2007 – þskj. 1302.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2006 frá 7. júlí 2006, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 25. apríl 2007 og öðlaðist gildi 1. febrúar 2009.

Ályktun Alþingis nr. 18/133 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2006, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, 16. mars 2007 – þskj. 1303.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2006 frá 22. september 2006, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/40/EB frá 29. apríl 2004 um lágmarkskröfur varðandi heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviðs) (átjándi sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE).

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 25. apríl 2007 og öðlaðist gildi 1. júní 2007.

Ályktun Alþingis nr. 19/133 um staðfestingu samninga milli Evrópusambandsins og Lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs og gagnkvæma réttaraðstoð og staðfestingu ákvörðunar ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2003/169/JHA, 16. mars 2007 – þskj. 1304.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni:

- 1. að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Evrópusambandsins og Lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs, sem undirritaður var í Vín 28. júní 2006;*
- 2. að staðfesta samning milli Evrópusambandsins og Lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um beitingu tiltekinna ákvæða samningsins frá 29. maí 2000 um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins og bókunar við hann frá 16. október 2001, sem undirritaður var í Brussel 19. desember 2003;*
- 3. að samþykkja ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2003/169/JHA um það hvaða ákvæði samningsins frá 1995 um einfaldaða málsmeðferð við framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins og samningsins frá 1996 um framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins teljist vera þróun á Schengen-gerðunum samkvæmt samningnum um þátttöku Lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.*

Samningur milli Evrópusambandsins og Lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um beitingu tiltekinna ákvæða samningsins frá 29. maí 2000 um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins og bókunar við hann frá 16. október 2001, sem undirritaður var í Brussel 19. desember 2003, var staðfestur af Íslands hálfu 16. september 2010. Hann hefur þó ekki öðlast gildi þar sem ESB og Noregur hafa ekki staðfest hann fyrir sitt leyti.

Samningur milli Evrópusambandsins og Lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs, sem undirritaður var í Vín 28. júní 2006, hefur ekki verið staðfestur þar sem ekki er hægt að staðfesta hann fyrr en þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til þess að Ísland geti uppfyllt þær skyldur sem samningurinn leggur samningsríkjum á herðar hafa verið samþykktar af hálfu Alþingis. Sama gildir um ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2003/169/JHA um það hvaða ákvæði samningsins frá 1995 um einfaldaða málsmeðferð við framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins og samningsins frá 1996 um framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins teljist vera þróun á Schengen-gerðunum samkvæmt samningnum um þátttöku Lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna. Innanríkisráðuneytið er að vinna að gerð frumvarps um þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

Ályktun Alþingis nr. 20/133 um staðfestingu samnings milli Íslands annars vegar og Danmerkur og Færeyja hins vegar um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja, 16. mars 2007 – þskj. 1305.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar konungsríkisins Danmerkur og landstjórnar Færeyja hins vegar um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja sem gerður var í Kaupmannahöfn og Reykjavík 1. og 2. febrúar 2007.

Samningurinn var staðfestur af Íslands hálfu 15. maí 2007 og öðlaðist gildi 29. apríl 2008.

Ályktun Alþingis nr. 21/133 um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Arabíska lýðveldisins Egyptalands, 16. mars 2007 – þskj. 1306.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Arabíska lýðveldisins Egyptalands sem undirritaður var 27. janúar 2007 í Davos í Sviss.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 7. júní 2007 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. ágúst 2007.

Ályktun Alþingis nr. 24/133 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, 17. mars 2007 – þskj. 1388.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005 frá 2. desember 2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1228/2003 frá 26. júní 2003 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri, tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 96/92/EB, og 2003/55/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas og um niðurfellingu á tilskipun 98/30/EB, ásamt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/796/EB frá 11. nóvember 2003 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafmagni og gasi.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 25. apríl 2007 og öðlaðist gildi 1. júní 2007.

Ályktun Alþingis nr. 28/133 um fullgildingu samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, 17. mars 2007 – þskj. 1401.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að fullgildingu samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali sem undirritaður var í Varsjá í Póllandi 16. maí 2005.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 23. febrúar 2012 og öðlast gildi að því er Ísland varðar 1. júní 2012.

Ályktun Alþingis nr. 1/135 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, 6. desember 2007 – þskj. 410.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2007 frá 28. september 2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 14. desember 2007 og öðlaðist gildi 1. maí 2009.

Ályktun Alþingis nr. 2/135 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, 6. desember 2007 – þskj. 411.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007 frá 26. október 2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn eftirtaldar gerðir:

- 1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB.*
- 2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/101/EB frá 27. október 2004 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins að því er varðar verkefniskerfi Kjótóbókunarinnar.*
- 3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004 frá 21. desember 2004 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB.*
- 4. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/156/EB frá 29. janúar 2004 um að setja viðmiðunarreglur fyrir vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB.*
- 5. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/780/EB frá 13. nóvember 2006 um að komast hjá því að tvíreikna skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda í kerfi Bandalagsins um viðskipti með heimildir til losunar, að því er varðar*

verkefnistengdar aðgerðir samkvæmt Kjúótóbókuninni, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/ EB.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 14. desember 2007 og öðlaðist gildi 29. desember 2007.

Ályktun Alþingis nr. 5/135 um gerð námsefnis fyrir unglunga um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum og mannréttindi, 15. maí 2008 – þskj. 1003.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um gerð námsefnis fyrir unglunga um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum og mannréttindi.

Pingsályktuninni hefur verið vísað til hlutaðeigandi fagráðuneytis. Sjá mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Ályktun Alþingis nr. 6/135 um aukna samvinnu og samráð um öryggis- og björgunarmál milli Vestur-Norðurlandanna og við önnur ríki við Norður-Atlantshaf, 15. maí 2008 – þskj. 1004.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um að auka samvinnu og samráð um öryggis- og björgunarmál milli Vestur-Norðurlandanna og við önnur ríki við Norður-Atlantshaf. Lagt er til að komið verði á sameiginlegum björgunaraæfingum til að samræma viðbúnað og samhæfa viðbrögð við alvarlegum slysum á Norður-Atlantshafi.

Pingsályktuninni hefur verið vísað til hlutaðeigandi fagráðuneytis. Sjá innanríkisráðuneyti.

Ályktun Alþingis nr. 7/135 um samstarf milli slysavarnafélaga og björgunarsveita á sjó og landi í vestnorrænu löndunum, 15. maí 2008 – þskj. 1005.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um að stuðla að og styrkja samstarf slysavarnafélaga og björgunarsveita á sjó og landi í löndunum þremur.

Pingsályktuninni hefur verið vísað til hlutaðeigandi fagráðuneytis. Sjá innanríkisráðuneyti.

Ályktun Alþingis nr. 8/135 um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Kanada, 15. maí 2008 – þskj. 1006.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Kanada sem undirritaður var 26. janúar 2008 í Davos í Sviss.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 30. júní 2008 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 2009.

Ályktun Alþingis nr. 9/135 um aukna samvinnu milli vestnorrænu landanna um rannsóknir á helstu nytjastofnum sjávar innan lögsögu þeirra, 21. maí 2008 – þskj. 1055.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um að koma á reglubundinni samvinnu milli landanna um stofnstærðarrannsóknir á helstu nytjastofnum sjávar innan lögsögu þeirra, frekari samræmingu rannsóknaraðferða og skilvirkari upplýsingagjöf um útbreiðslu fiskstofna og sjávarspendýra.

Þingsályktuninni hefur verið vísað til hlutaðeigandi fagráðuneytis. Sjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Ályktun Alþingis nr. 10/135 um stofnun norrænna lýðháskóla, 21. maí 2008 – þskj. 1056.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um fjárhagslegan stuðning við vinnuhóp á vegum Vestnorræna ráðsins sem í samvinnu við forsætisnefnd og skrifstofu Vestnorræna ráðsins útfæri tillögu að stofnun norrænna lýðháskóla á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum.

Þingsályktuninni hefur verið vísað til hlutaðeigandi fagráðuneytis. Sjá mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Ályktun Alþingis nr. 11/135 um fullgildingu Palermó-samnings gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi, 28. maí 2008 – þskj. 1173.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi sem samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 15. nóvember 2000.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 13. maí 2010 og öðlaðist gildi hvað Ísland varðar 12. júní sama ár.

Ályktun Alþingis nr. 12/135 um staðfestingu bókunar um breytingu á samningi um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum, 28. maí 2008 – þskj. 1174.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta bókun, sem gerð var í London 2. maí 1996, um breytingu á samningi um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum sem gerður var í London 19. nóvember 1976.

Bókunin var staðfest af Íslands hálfu 17. nóvember 2008 og öðlaðist gildi hvað Ísland varðar 15. febrúar 2009.

Ályktun Alþingis nr. 13/135 um fullgildingu þriggja Haag-samninga á sviði réttarfars, 28. maí 2008 – þskj. 1175.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um einkamálaréttarfar frá 1. mars 1954, samning um birtingu erlendis á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum og verslunarmálum frá 15. nóvember 1965 og samning um öflun sönnunargagna erlendis í einkamálum og verslunarmálum frá 18. mars 1970. Samningar þessir voru allir gerðir í Haag.

Ísland gerðist aðili að samningunum 10. nóvember 2008. Samningurinn um einkamálaréttarfar öðlaðist gildi hvað Ísland varðar 31. júlí 2009. Samningurinn um birtingu erlendis á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum og verslunarmálum öðlaðist gildi hvað Ísland varðar 1. júlí sama ár. Samningurinn um öflun sönnunargagna öðlaðist gildi hvað Ísland varðar 9. janúar sama ár en aðildin hefur aðeins áhrif á samskipti þess ríkis sem gerist aðili og þeirra samningsríkja sem lýst hafa yfir samþykki sínu við aðildinni. Samningurinn öðlast gildi milli ríkis sem gerist aðili að honum og ríkis sem lýst hefur yfir samþykki sínu við aðildinni á sextugasta degi eftir afhendingu yfirlýsingar um samþykki.

Ályktun Alþingis nr. 14/135 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2007, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. Viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, 28. maí 2008 – þskj. 1176.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2007 frá 27. apríl 2007, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB frá 14. júní 2006 um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, 83/349/EBE um samstæðureikninga, 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana og 91/674/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 24. júlí 2008 og öðlaðist gildi 1. ágúst 2010.

Ályktun Alþingis nr. 15/135 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2007, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, 28. maí 2008 – þskj. 1177.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2007 frá 8. júní 2007 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/89/EB frá 18. janúar 2006 um ráðstafanir til að tryggja öruggt framboð raforku og um fjárfestingar í grunnvirkjum.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 9. september 2008 og öðlaðist gildi 1. nóvember 2008.

Ályktun Alþingis nr. 20/135 um að fordæma mannréttindabrot og hvetja bandarísk yfirvöld til að loka fangabúðunum í Guantanamo, 30. maí 2008 – þskj. 1294.

Alþingi fordæmir ómannúðlega meðferð á fögum í búðum Bandaríkjamanna við Guantanamo-flóa á Kúbu, hvetur til þess að búðunum verði lokað og felur ríkisstjórninni að koma þeirri afstöðu á framfæri við bandarísk stjórnvöld.

Á tvíhliða fundi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, utanríkisráðherra, og Condolezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem fram fór í Höfða 30. maí 2008, kom utanríkisráðherra afstöðu Alþingis um að fordæma mannréttindabrot og hvetja bandarísk yfirvöld til að loka fangabúðunum í Guantanamo á framfæri við utanríkisráðherra Bandaríkjanna og afhenti jafnframt utanríkisráðherranum þingsályktunina í enskri þýðingu.

Ályktun Alþingis nr. 22/135 um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2008, 30. maí 2008 – þskj. 1296.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2008 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Þórshöfn og Reykjavík 3. og 9. apríl 2008.

Samningurinn, sem einungis var til eins árs, öðlaðist gildi til bráðabirgða 9. apríl 2008. Honum var ekki veitt formlegt gildi.

Ályktun Alþingis nr. 23/135 um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2008, 30. maí 2008 – þskj. 1297.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2008 sem gerðir voru í London 12. nóvember 2007:

- 1. Sameiginlega bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2008.*

2. *Samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands á árinu 2008.*
3. *Samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2008.*

Samningunum, sem einungis voru til eins árs, var beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 2008. Þeim var ekki veitt formlegt gildi.

Ályktun Alþingis nr. 2/136 um samninga varðandi ábyrgð ríkissjóðs á innstæðutryggingum vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu, 5. desember 2008 – þskj. 275.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli þeirra sameiginlegu viðmiða sem aðilar hafa komið sér saman um.

Eftir að ályktun Alþingis var samþykkt hófst það ferli sem lauk með gerð lánsamninga við bresk og hollensk stjórnvöld 5. júní 2009. Ferli þessu og efni samninganna er nánar lýst í athugasemdum við frumvarp það er veitti fjármálaráðherra heimild til að ábyrgjast efndir samninganna (þskj. 204, 136. mál á 137. löggjafarþingi 2009).

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi 30. júní 2009 en því var verulega breytt í meðförum Alþingis áður en það var samþykkt 28. ágúst sama ár og varð að lögum nr. 96/2009. Af breytingunum leiddi að heimild ráðherra var bundin ýmsum fyrirvörum í formi forsendna fyrir veitingu ríkisábyrgðar og efnahagslegra og lagalegra viðmiða. Til þess að ríkisábyrgðin gengi í gildi varð að kynna breskum og hollenskum stjórnvöldum fyrirvarana og þau að fallast á þá, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 96/2009.

Í kjölfar lagasetningarinnar kom fljótlega fram að bresk og hollensk stjórnvöld voru ekki reiðubúin til að fallast að öllu leyti á fyrirvara Alþingis. Að loknum viðræðum aðila lánsamninganna varð niðurstaðan sú að gerðir voru viðaukasamningar sem undirritaðir voru 19. október 2009 og með þeim hætti reynt að samrýma að mestu leyti efni lánsamninganna og þeirra fyrirvara sem komu fram í 1.–4. gr. laga nr. 96/2009. Til þess að lánsamningarnir tækju gildi, eins og þeim var breytt með viðaukasamningunum, var nauðsynlegt að breyta lögum nr. 96/2009. Í því skyni var 19. október 2009 lagt fyrir Alþingi frumvarp það er að lokum varð að lögum nr. 1/2010, eftir að Alþingi hafði samþykkt það 30. desember 2009 en forseti synjað því staðfestingar 5. janúar 2010. Í samræmi við niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fór um frambúðargildi laganna 6. mars 2010 voru þau númin úr gildi með auglýsingu nr. 15/2010.

Allt frá því að ljóst var að gengið yrði til þjóðaratkvæðis um lánsamningana sem gerðir voru 5. júní og 19. október 2009 og þeir að öllum líkindum felldir hóf ríkisstjórnin að vinna að því í samvinnu við alla stjórnmalaflokka sem sæti eiga á Alþingi að taka upp samningana. Hófst þá annað ferli sem lauk með gerð endurgreiðslu- og skaðleysissamninga 8. desember 2010. Þessu ferli og efni samninganna er nánar lýst í athugasemdum við frumvarp það er veitti fjármálaráðherra heimild til að staðfesta samningana (þskj. 546, 388. mál á 139. löggjafarþingi 2010-2011).

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi 15. desember 2010 og varð að lögum nr. 13/2011, eftir að Alþingi hafði samþykkt það 16. febrúar 2011 og forseti synjað því staðfestingar 20. sama mánaðar. Í samræmi við niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fór 9. apríl 2011 um frambúðargildi laganna voru þau numin úr gildi með auglýsingu nr. 33/2011. Samningarnir voru því ekki undirritaðir.

Með lögum nr. 89/2011 voru lög nr. 96/2009 numin úr gildi.

Ályktun Alþingis nr. 4/136 um staðfestingu tveggja viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Albaníu og Króatíu, 12. febrúar 2009 – þskj. 537.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd tvo viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild lýðveldisins Albaníu og lýðveldisins Króatíu sem gerðir voru í Brussel 9. júlí 2008.

Samningarnir voru staðfestir af Íslands hálfu 24. febrúar 2009. Viðbótarsamningurinn um aðild lýðveldisins Albaníu öðlaðist gildi 27. mars 2009 en viðbótarsamningurinn um aðild lýðveldisins Króatíu öðlaðist gildi 30. mars sama ár. Albanía og Króatía gerðust aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum 1. apríl sama ár.

Ályktun Alþingis nr. 7/136 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2008, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, 16. mars 2009 – þskj. 737.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2008, frá 6. júní 2008, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1315/2007 um öryggisefirlit með rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2096/2005.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 14. maí 2009 og öðlaðist gildi 1. júlí 2009.

Ályktun Alþingis nr. 8/136 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, 16. mars 2009 – þskj. 738.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007, frá 28. september 2007, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 12. mars 2008 og öðlaðist gildi 1. ágúst 2009.

Ályktun Alþingis nr. 9/136 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) og bókun 37 við EES-samninginn, 16. mars 2009 – þskj. 739.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007, frá 26. október 2007, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) og bókun 37 við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 14. maí 2009 og öðlaðist gildi 1. júlí 2009.

Ályktun Alþingis nr. 1/137 um aðildarumsókn að Evrópusambandinu, 16. júlí 2009 - þskj. 283.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að ESB og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning. Við undirbúning viðræðna og skipulag þeirra skal ríkisstjórnin fylgja þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem fram koma í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar.

Með bréfi forsætis- og utanríkisráðherra dags. 16. júlí 2009 var sótt um aðild að Evrópusambandinu og hafa aðildarviðræður staðið yfir frá þeim tíma.

VELFERÐARRÁÐUNEYTI

Ályktun Alþingis nr. 13/133 um samvinnu vestnorræna landa og upplýsingamiðlun í baráttunni gegn reykingum, 16. mars 2007 – þskj. 1260.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að auka samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands í baráttunni gegn reykingum. Upplýsingamiðlun milli landanna verði eflað og haldin námsstefna fyrir vestnorrænar heilbrigðisstéttir um málið.

Starfsfólk Lýðheilsustöðvar, nú embættis landlæknis, hefur verið í samskiptum við Færeyinga sem hafa leitað eftir upplýsingum og ráðgjöf um tóbaksvarnir. Þeim hefur verið sent ýmiss konar efni og gögn s.s. um tíðni reykinga og greiningar á árangri tóbaksvarna sem unnar eru fyrir ýmis Evrópulönd þ.m.t. Ísland. Grænlandingar hafa ekki óskað eftir ráðgjöf og hafa engin samskipti verið við þá vegna þessa.

Ályktun Alþingis nr. 26/133 um skipulagða leit að krabbameini í ristli, 17. mars 2007 – þskj. 1393.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í samráði við landlækni að hefja undirbúning að skimun fyrir krabbameini í ristli og endaðarmi þannig að skipuleg leit hefjist á árinu 2008.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði árið 2008 ráðgjafahóp um bólusetningar og skimanir vegna smitsjúkdóma og krabbameina. Meðal annars var hópnum ætlað að fara yfir og meta forvarnir og skimanir, hópurinn skyldi leggja mat á kostnaðarhagkvæmni bólusetninga og skimana fyrir lýðheilsu Íslendinga og skilgreina hvernig best væri að standa að þessum málum.

Hópurinn hélt níu fundi og skilaði álitinu sínu á haustmánuðum 2008 eins og fyrir hafði verið mælt. Hópurinn skipuðu átta einstaklingar, m.a. tilnefndir af Krabbameinsfélagi Íslands, Háskóla Íslands, ráðuneytinu og embætti landlæknis. Hópnum stýrði sóttvarnalæknir.

Hópurinn lagði meðal annars til að hafin yrði bólusetning gegn HPV-smiti og leghálskrabbameini, hafin yrði bólusetning gegn pneumokokkasýkingum og að hafin yrði skimun fyrir ristil- og endaðarmskrabbameini í aldurshópnum 60-69 ára.

Bólusetningarnar eru þegar hafnar. Skimun fyrir ristilkrabbameini var talin kosta um 58 mkr á verðlagi ársins 2008 en vegna niðurskurðar hefur fé ekki verið veitt til þeirrar aðgerðar.

Ályktun Alþingis nr. 2/134 um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna, 13. júní 2007 – þskj. 39.

Alþingi ályktar að samþykkja eftirfarandi aðgerðaáætlun til fjögurra ára, fyrir árin 2007–2011, til að styrkja stöðu barna og ungmenna og fjölskyldna þeirra hér á landi. Aðgerðirnar byggjast meðal annars á rétti þeirra eins og hann er skilgreindur í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Sjá nánar ofangreint þskj.

Í samræmi við aðgerðaráætlunina skipaði félagsmálaráðherra samráðshóp fimm ráðuneyta til þess að stuðla að samræmingu og eftirfylgni aðgerða í þágu barna og barnafjölskyldna á vettvangi stjórnarráðsins. Formaður hópsins var skipaður af félagsmálaráðherra en aðrir nefndarmenn komu frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti og hefur hópurinn starfað frá því í ágúst 2007.

Hvert ráðuneyti um sig hefur unnið að framkvæmd áætlunarinnar í samræmi við verkaskiptingu ráðuneyta eins og fram kemur í skýrslu félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu barna og ungmenna til Alþingis á 138. löggjafarþingi, þskj. 728 — 410. mál.

Í þeirri skýrslu er yfirlit frá ráðuneytunum þar sem gerð er grein fyrir framvindu verkefna sem tengjast aðgerðaáætluninni. Einnig er í þingskjalinu fjallað um samstarfsverkefni þriggja ráðuneyta um aukna þjónustu við langveik börn og börn með ADHD-greiningu en það verkefni er hluti af aðgerðaáætluninni. Í desember 2009 gerðu félags- og tryggingamálaráðherra, heilbrigðisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra samstarfssamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd þjónustunnar. Samstarfsverkefnið er þriggja ára tilraunaverkefni sem fjármagnað er af fjárheimildum ráðuneytanna með 80 milljóna króna fjárframlagi árlega í þrjú ár en sveitarfélögin sjá um framkvæmd þjónustunnar. Alls hefur verið úthlutað 160 milljónum króna til margvíslegra

Þróunarverkefna síðastliðin tvö ár en þriðja úthlutun er fyrirhuguð í lok ársins 2011 fyrir árið 2012. Auk þess hefur verið samþykkt að greiða fyrir aukna þjónustu sálfræðings við langveik börn og fjölskyldur á Barnaspítala Hringins í þrjú ár og enn fremur að kosta gerð fræðsluefnis fyrir foreldra og kennara barna með ADHD-greiningu. Stjórn verkefnisins hefur verið í höndum samráðshópsins ásamt fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Lagt er til að sá hópur ljúki síðustu úthlutun á árinu 2011 og láti meta árangur af verkefninu.

Samráðshópurinn hefur á síðustu fundum sínum farið yfir framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar frá 2007 og leitast við að skoða hvað hefur áunnist og hvað hefur ekki komið til framkvæmda auk þess sem ígrundað hefur verið hvað leggja skuli til við stjórnvöld um framhaldið. Af því tilefni hefur samráðshópurinn fengið til fundar við sig fulltrúa ýmissa hagsmunasamtaka sem láta sig hagsmuni barna varða, svo sem Barnaheilla, Heimila og skóla, UNICEF og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Þá hefur „barnahópur“ velferðarvaktarinnar einnig farið yfir aðgerðaáætlunina og bent á þætti sem horfa þyrfti til í tengslum við velferð barna.

Í ljósi þess sem fram hefur komið á fundunum leggur samráðshópurinn til að ríkisvaldið setji fram nýja heildstæða framkvæmdaáætlun um málefni barna með aðkomu sveitarfélaga og hagsmunasamtaka. Æskilegt er að þar verði verkefnum forgangsraðað með hliðsjón af mikilvægi til þess að gæta sem best hagsmuna barna við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu. Jafnframt þarf að setja fram skýr viðmið og mælikvarða til að fylgjast megi markvisst með framgangi nýrrar áætlunar.

Samráðshópurinn telur brýnt að unnið verði áfram að eftirtöldum verkefnum:

- Móta þarf aðgerðaáætlun til að sporna við ofbeldi gegn börnum, líkamlegu og andlegu, þ.m.t. vanrækslu. Leggja þarf sérstaka áherslu á aðgerðir til þess að vinna gegn kynferðislegri misbeitingu og kynferðisofbeldi í samræmi við samning Evrópuráðsins.
- Í samstarfi við foreldra og samtök þeirra þarf að mæta með forvörnum aukinni klámvæðingu sem beinist að börnum og ungmennum.
- Bregðast þarf við niðurstöðum rannsókna sem benda til þess að neysla ólöglegra vímuefna ungmenna á framhaldsskólaaldri sé vaxandi vandamál.
- Leita þarf leiða til að nýta fjármagn og mannafla sem best í tengslum við uppeldisráðgjöf og stuðning við foreldra og kennara barna með hegðunarvanda.
- Bæta þarf tannheilsu barna með auknum forvörnum og niðurgreiðslum á tannviðgerðum. Hafa skal hliðsjón af niðurstöðum MUNNÍS rannsóknarinnar og ábendingum frá heilsugæslu og skólafólki.

Ályktun Alþingis nr. 17/135 um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2010, 29. maí 2008 – þskj. 1225.

Alþingi ályktar, sbr. 3. mgr. 5. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, að eftirfarandi framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum skuli gilda fyrir árið 2008 og fram til sveitarstjórnarkosninga árið 2010.

Sjá nánar ofangreint þskj.

Félags- og tryggingamálaráðherra og Barnaverndarstofu var gert að vinna samkvæmt framkvæmdaáætluninni með það að markmiði að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega og árangursríka aðstoð. Í því augnamiði var ráðuneytinu og Barnaverndarstofu gert að hafa eftirtalin fimm meginmarkmið að leiðarljósi:

1. Að efla barnaverndarstarf á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis.
2. Að efla barnaverndarstarf á vegum Barnaverndarstofu.
3. Að efla þjónustu Barnaverndarstofu.
4. Að bæta hæfni, getu og þekkingu starfsfólks Barnaverndarstofu og þeirra sem starfa á vegum stofnunarinnar.
5. Að hámarka nýtingu og virðisauka fjármuna sem lagðir eru til stofnunarinnar.

Mörg verkefnanna sem tilgreind eru í framkvæmdaáætluninni er lokið, önnur eru komin vel af stað og síðan eru nokkur verkefni sem leiddu af sér önnur verkefni þegar vinna við verkefnið hófst. Dæmi um verkefni sem er lokið:

-Rannsóknir á framburði barna sem koma í Barnahús vegna gruns um kynferðislegt ofbeldi. Skýrsla birt í ársskýrslu Barnaverndarstofu 2008-2009.

-Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF). Lokið en um er að ræða viðvarandi verkefni þ.s. SOF-kerfið þarf að kynna reglubundið, s.s. nýjum starfsmönnum og samstarfsaðilum. Gerðar hafa verið endurbætur á flokkunarkerfinu og búast má við frekari þróun þess í ljósi reynslunnar.

-Meðferð fyrir unga gerendur í kynferðisbrotamálum. Lokið, unnið í tengslum við samning við sálfræðinga um þjónustuna. Þjónustan er í gangi.

-Að efla og þróa samstarf barnaverndaryfirvalda og yfirvalda og stofnana á sviði félags-, heilbrigðis-, mennta-, löggæslu- og dómsmála í málefnum barna. Barnaverndarstofa tekur þátt í fjölda vinnuhópa á sviði félags-, heilbrigðis-, mennta-, löggæslu- og dómsmála. Ekki hefur verið unnin greinargerð um samstarfið en í ársskýrslum Barnaverndarstofu er fjallað um samstarf stofunnar við fjölmarga aðila.

Ályktun Alþingis nr. 18/135 um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, 29. maí 2008 – þskj. 1226.

Alþingi ályktar að við framkvæmdir í málefnum innflytjenda verði fylgt eftirfarandi áætlun sem hefur það að markmiði að betur verði tekið á móti erlendu fólki sem flyst til landsins og því auðveldað að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi og rækta menningu sína. Sjá nánar ofangreint þskj.

Framkvæmdaáætlunin var sú fyrsta sinna tegundar í málefnum innflytjenda og ber hún þess merki en alls eru tilgreindar 98 aðgerðir. Takmarkað fjármagn fylgdi framkvæmdaáætluninni og í ljósi þess að sama ár urðu miklar efnahagsþrengingar í samfélaginu og margar stofnanir og ráðuneyti þurftu að skera niður olli það því að sum verkefni sátu á hakanum. Eftir sem áður hafa stofnanir og ráðuneyti reynt að framfylgja áætluninni af bestu getu og hafa til að mynda mörg verkefni verið sett á vefinn en kannski ekki prentuð og gefin út eins og áætlað var sökum sparnaðar.

Við skoðun á eftirfylgni verkefnanna í framkvæmdaáætluninni er ljóst að bæði stofnanir og ráðuneyti hafa ákveðið að spara kostnað við þýðingar í einhverjum tilfellum en það hefur einnig verið gert með tilliti til þess að færri innflytjendur koma til landsins eftir að atvinnuleysi jókst hér á landi en brottfluttir umfram aðflutta á árinu 2009 voru 2.369 einstaklingar með erlent ríkisfang. Þess má geta að árið 2009 var hlutfall erlendra ríkisborgara

hérlandis 7,6% en árið 2010 var hlutfallið 6,8%. Ákall hefur borist frá sumum stofnunum um að áherslur verði endurskoðaðar í framkvæmdaáætluninni eftir efnahagshrunið árið 2008 en innflytjendum hefur heldur fækkað og töluvert færri koma nú til landsins.

Upplýsingabæklingar liggja víða frammi á þeim stöðum þar sem innflytjendur sækja þjónustu og ljóst er að viðamiklar upplýsingar liggja fyrir en innflytjendur þurfa sjálfir að leita sér þessara upplýsinga. Vefsíður birta nú þörfustu upplýsingarnar en það fer lítið fyrir þeim og mætti gera þær mun sýnilegri. Stefnt er að því að fara í kynningarátak um leið og tungumálum á vef Fjölmenningssetursins hefur verið fjölgað. Á sama tíma mun upplýsingabæklingurinn *Fyrstu skrefin* koma út. Skoða mætti þá hugmynd að senda upplýsingabæklinga heim til fólks um leið og það hefur skráð sig hjá Þjóðskrá og þegar það fær dvalarleyfi í fyrsta sinn.

Þegar framkvæmd þessarar áætlunar hefur verið skoðuð er ljóst að það er ekkert algilt hvernig og hvaða verkefni fá forgang. Það er alveg undir þeirri stofnun komið sem fer með þá ábyrgð. Brýna þarf fyrir ráðuneytum að halda betur utan um framfylgd verkefna þeirra og passa að stofnanir þeirra sinni sínum verkefnum. Það hefur margt unnist frá því að áætlunin var samþykkt og má nefna að upplýsingamiðlun á vefsíðum hefur tekist einstaklega vel, en það er aðallega kostnaðarsöm fræðsla og regluleg námskeið sem hafa setið á hakanum. Sé lítið til þeirra verkefna sem lágu fyrir í framkvæmdaáætluninni má segja að yfir helmingi verkefnanna sem tilgreind voru hefur verið lokið eða eru viðvarandi, 23 verkefni eru í vinnslu, misjafnlega langt komin þó, og um 15 verkefni eru í biðstöðu.

Segja má að á Íslandi sé í raun aðallega fyrsta kynslóð innflytjenda og hefur málaflókkurinn ekki verið áberandi þar sem í langflestum tilfellum hafa innflytjendur verið að sækjast eftir vinnu hér á landi og fengið hana. Staða innflytjenda hefur breyst frá því að síðasta framkvæmdaáætlun var samþykkt á Alþingi, aukið atvinnuleysi meðal innflytjenda er staðreynd og einnig hefur innflytjendum fækkað töluvert. Það er þekkt að þegar atvinnuleysi eykst í samfélögum að þá eykst andúð á innflytjendum að sama skapi og því er mikilvægt að stjórnvöld reyni að stemma stigu við slíkri þróun. Hafa ber í huga að þótt innflytjendum hafi fækkað þá sést að konur og börn flytja helst til landsins en það gefur til kynna að fjölskyldur er að sameinast hér á landi. Við endurskoðun á framkvæmdaáætluninni í málefnum innflytjenda verður því að huga að þeim breytta veruleika sem íslenskt samfélag stendur fram fyrir núna og hvernig staðan hefur áhrif á innflytjendur. Einnig má íhuga hvort fækka skuli þeim aðgerðum sem lagðar eru til í framkvæmdaáætluninni en gera þær að sama skapi markvissari og setja í tímaramma.

Ályktun Alþingis nr. 11/136 um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum, 31. mars 2009 – þskj. 867.

Alþingi ályktar að félagsmálaráðherra feli Jafnréttisstofu það verkefni að hrinda af stað aðgerðum í því skyni að efla hlut kvenna í sveitarstjórnnum.

Jafnréttisstofa átti fulltrúa í samstarfshópi um aukin hlut kvenna í sveitarstjórnnum árið 2009 en hópurinn skilaði greinargerð til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í október það ár. Í kjölfarið var Jafnréttisstofu falið að fylgja tillögum nefndarinnar eftir. Jafnréttisstofa sendi bréf til formanna allra stjórnarmálaflókka þar sem stofan hvatti til aukins hlutar kvenna á framboduslistum og í efstu sætum lista. Einnig voru send bréf til allra sveitarstjórna í landinu og auk þess dreifði Jafnréttisstofa hvatningabæklingnum Eflum lýðræðið – Konur í sveitarstjórn til stjórnarmálaflókka, sveitarfélaga o.fl. Jafnréttisstofa hvatti konur til að bjóða sig

fram til sveitarstjórnakosninga og almenning til að kjósa bæði konur og karla í skjáauglýsingum í Ríkissjónvarpinu. Þá stóð Jafnréttisstofa fyrir því að gerðir voru sex útvarpsþættir um konur og sveitarstjórnir.

Ályktun Alþingis nr. 12/136 um úttekt á aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði, 31. mars 2009 – þskj. 869.

Alþingi ályktar að fela félags- og tryggingamálaráðherra að gera úttekt á aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði á Íslandi svo að fötluðum, öldruðum, barnafólki og öðrum sem þess þarfnast verði gert mögulegt að búa lengur í íbúðum sínum en nú er hægt eða festa kaup á hentugum íbúðum í eldra húsnæði. Jafnframt verði ráðherra falið að leggja fyrir Alþingi tillögur til úrbóta.

Á vettvangi félags- og tryggingamálaráðuneytisins og síðar velferðarráðuneytisins hafa aðgengismál hlotið töluverða umræðu. Á árunum 2003 – 2006 vann starfshópur var undir forystu félagsmálaráðuneytisins skýrslu og framkvæmdaáætlun sem hafði það markmið að stuðla að aðgengi fyrir alla með hliðsjón af 22 grunnreglum Sameinuðu þjóðanna (SÞ) um þátttöku fatlaðra til jafns við aðra. Hópurinn var myndaður samkvæmt þingsályktun í mars 2003 og skipaður fulltrúum frá ráðuneytum félagsmála, menntamála, umhverfismála, heilbrigðis- og tryggingamála, dóms- og kirkjumála, samgöngumála og fjármála, svo og fulltrúum hagsmunasamtaka fatlaðra. Skýrsla starfshópsins sem var fullbúin í lok árs 2007 er viðamikil og fjallar um fjölmörg þau atriði sem skipta máli við að tryggja fötluðu fólki aðgang að samfélaginu.

Í þeirri framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks sem nú er verið að vinna að í velferðarráðuneytinu er sérstakur kafli um aðgengismál þar sem skilgreind eru ýmiss verkefni sem gert er ráð fyrir að verði á ábyrgð ríkis og sveitarfélaga á næstu árum. Gert er ráð fyrir því að þessi verkefni verði kostnaðargreind að svo miklu leyti sem það er mögulegt. Í ljósi þess að ekki fylgdu sérstakar fjárveitingar til þess að vinna svo umfangsmikla úttekt sem þingsályktunin kallar á, hefur ekki reynst mögulegt að koma henni í framkvæmd. Velferðarráðuneytið er þess reiðubúið að vinna að frekari framkvæmd ályktunarinnar, fáist til þess fjármunir.